

**Fundur  
1****Fundur  
2****Fundur  
3****Fundur  
4****Fundur  
5****Fundur  
6****Fundur  
7**

## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og fundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA; fundir; haldnir í Skeljanesi 2. mars 2023 kl. 18:00.

*Fráfarandi stjórn:* TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF3EIN varamaður.

*Viðtakandi stjórn:* TF3JB formaður, TF1AM og TF3PW (kjörnir til 2 ára), TF3NH (kjörinn til 1 árs) og TF3GZ (situr síðara tímabil) og TF3UA og TF1EIN varamenn.

### Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar:

- Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
- Fundargerð 7. fundar 2022/23 frá 18. janúar 2023 lögð fram.
- Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
- Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
- Fundarslit og fundarhlé.

### Tillaga að dagskrá 1. stjórnarfundar (eftir fundarhlé).

- Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2023/24.
- Tillaga að dagskrá lögð fram.
- Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

24.01.2023...Erindi frá: Georg, TF2LL þar sem hann staðfestir að hann óski eftir að láta af stjórnarsetu í ÍRA síðara ár kjörtímabilsins.  
24.01.2023...Erindi til: Georgs, þar sem staðfest er að ósk hans um að hætta í stjórn verði kynnt á aðalfundi 2023.  
25.01.2023...Erindi frá: Bert, N1MXO sem var nýkominn til Íslands og sagðist langa til að koma í Skeljanes og hitta félagsmanna.  
25.01.2023...Erindi til: Bert, N1MXO sem var boðinn velkominn til landsins og boðið að heimsækja okkur í Skeljanes.  
31.01.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1 þar sem vakinn er athygli á Ham Radio Friedrichshafen 2023 [23-25. júní] og fundi framkvæmdastjórnar þar 23. júní.  
31.01.2023...Erindi til: Ritara IARU Svæðis 1 með tillögum að dagskrá fyrir fund með fulltrúum ÍRA vegna fjárfundar aðila laugardaginn 11. febrúar.  
31.01.2023...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1 þar sem staðfest er að ráðstefna svæðisins í Zlatibor í nóvember verðu hvorutveggja stað- og fjárfundur.  
31.01.2023...Erindi til: Ritara IARU Svæðis 1 þar sem tilkynnt um áhuga á að senda fulltrúa á ráðstefnu svæðisins í Zlatibor í nóvember.  
31.01.2023...Erindi til: Ritara IARU Svæðis 1 þar sem óskað er fjárhagsaðstoðar vegna ferðakostnaðar á ráðstefnu svæðisins í Zlatibor í Serbíu.  
01.02.2023...Erindi frá: Mike, MØMDE spyr um heimild til að nota kallmerkið TF/MØMDE og hefur áhuga á að koma í heimsókn í Skeljanes.  
01.02.2023...Erindi til: Mike þar sem útskýrt er, að sem handhafi bresks „Full license“ hafi hann CEPT réttindi. Hann jafnframt boðinn velkominn í Skeljanes.  
15.02.2023...Erindi frá: Elinu Sigurðardóttir, TF2EQ sem búsett er í Hollandi. Hún sendi afrit af skriflegu umboði til TF3VB vegna aðalfundar 2023.  
07.02.2023...Erindi frá: Fjarskiptastofu; umsögn óskað um umsókn Marek Cichocki, SP3MCO um íslenskt kallmerki; TF3MCO.  
07.02.2023...Erindi til: Fjarskiptastofu þess efnis, að ÍRA geri ekki athugasemd við úthlutun kallmerkisins TF3MCO til SP3MCO.  
09.02.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1 þar sem vakinn er athygli á verkefni „Shaping the Future of Amateur Radio“ m.t.t. birtingar í miðlum ÍRA.  
09.02.2023...Erindi til: Ritara IARU Svæðis 1 þar sem kynnt er að ÍRA hafi þegar birt þetta efni og vísað í greinar Kristjáns Benediktssonar, TF3KB í CQ TF.  
12.02.2023...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1 þar sem kynntur er nýr formaður vinnuhóps ARDF; Dusan Ceha, YU1EA í stað Jiri Marecek OK2BWN.  
14.02.2023...Erindi frá: Formanni IPDA (Information Programme for Disabled Radio Amateurs) með ósk um upplýsingar frá ÍRA um aðgang fatlaða.  
14.02.2023...Erindi til: Formanns IPDA með upplýsingum um prófafyrirkomulag m.t.t. fatlaðra hérlendis og um heimild 8. gr. laga ÍRA um afslátt af félagsgjöldum.  
15.02.2023...Erindi frá: Marek Cichocki, TF3MCO (SP3MCO) þar sem hann óskar eftir inngöngu í ÍRA. Hann er fatlaður og óskar að tekið verði tillit til þess.  
15.02.2023...Erindi til: Mareks þar sem honum er tjáð að erindi hans verði lagt fyrir fyrsta stjórnarfund eftir aðalfund 2023.  
19.02.2023...Erindi frá: Byron, VE7CXL sem er væntanlegur til Íslands í ágúst n.k. og spyrst fyrir um tíðnir endurvarpa.  
19.02.2023...Erindi til: Byron, VE7CXL. Umbeðnar upplýsingar sendar og honum boðið að koma í heimsókn í Skeljanes ef hann hefur tíma.  
21.02.2023...Erindi frá: Dirk, PY2UDB (PA3ALV) þar sem hann rifjar upp sambönd og samskipti við Steingrím, TF3SZ (SK) frá árinu 1982.  
21.02.2023...Erindi til: Dirk, PY2UDB þar sem honum er þakkað fyrir upplýsingarnar.  
22.02.2023...Erindi frá: Gjaldkera IARU Svæðis 1 þar sem óskað er upplýsinga um fjölda félaga í árslok 2022. Erindi framsent á gjaldkera, TF3PW.  
Janúar 2023...Orðsendingar formanns til stjórnar milli stjórnarfunda: Nr. 9-10-11-12-13-14-15-16-17-18-19 (11 sendingar 19.-31. janúar).  
Febrúar 2023...Orðsendingar formanns til stjórnar milli stjórnarfunda: Nr. 20-21-22-23-24-25-26-27-28-29-30-31-32-33-34-35-36-37 (18 sendingar í febrúar).

- Stjórn skiptir með sér verkum.
- Aðalfundur 2023: Fundargögn, kostnaður og drög að fundargerð lögð fram.
- Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfunda.
- Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs.
- Ný vetrardagskrá 2023; 9. mars til 25. maí.
- Námskeið til amatörprófs.
- Starfsáætlun 2023/24; fyrsta umfjöllun.
- Páskaleikar 2023; 7.-9. apríl.
- Alþjóðadagur radióamatöra 2023; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
- CQ TF, útgáfuáætlun 2023/24. Tillaga ritnefndar lögð fram.
- Önnur mál.
  - Inntaka nýrra félagsmanna; b. Ákvörðun um öryggiskerfi; c. Ákvörðun kaup á heimilistækjum.
- Næsti fundur stjórnar.
- Fundarslit.

## STJÓRNARSKIPTAFUNDUR.

### a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fund kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3GS, TF3PW, TF3GZ, TF1AM, TF3NH, TF3UA og TF1EIN. Formaður færði viðstöddum góðar kveðjur frá TF2LL sem ekki átti heimangengt. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

### b. Fundargerð 7. fundar 2022/23 frá 18. janúar lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

### c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

Þar sem stjórnin situr áfram nánast óbreytt eru menn inni í málum. Engin sérstök mál eru útistandandi, en skoða þarf embættismannakerfið.

### d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.

Formaður, TF3JB þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi góð störf. Hann flutti þeim Georg, TF2LL og Guðmundi, TF32GS sérstakar þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins. Hann sagðist um leið vilja bjóða Jón Björnsson, TF3PW velkominn til áframhaldandi setu í stjórn og þá Andrés Þórarinsson, TF1AM og Njál H. Hilmarsson, TF3NH velkomna til stjórnarstarfa. Guðmundur skilaði húslyklum til Njáls, TF3NH. Guðmundur þakkaði kærlega fyrir samstarfið. Stjórnarmenn tóku undir með lófaklappi.

### e. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður, TF3JB sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:10.

Fundargerð ritaði

Guðmundur Sigurðsson / TF3GS

Ritari ÍRA

---

## FYRSTI FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR 2. MARS 2023.

### 1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2023/24.

Formaður, TF3JB, setti fundinn kl. 18:15. Hann fór þess á leit við fráfarandi ritara, TF3GS að rita fundinn.

### 2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður fór yfir innkomin og útsend erindi á milli funda. Engar athugasemdir komu fram.

### 4. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2022/23:

Jónas Bjarnason TF3JB formaður.

Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður.

Georg Kulp, TF3GS ritari.

Jón Björnsson TF3PW, gjaldkeri.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi.

Sæmundur Þorsteinsson TF3UA, varamaður.

Heimir Konráðsson TF1EIN, varamaður

### 5. Aðalfundur 2022: Fundargögn, kostnaður, drög að fundargerð.

Aðalfundur félagsins 2023 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju sunnudaginn 19. febrúar. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, sem fundarstjóri og fundarritari. Alls mættu 27 félagsmenn. Fundur var settur kl. 14:00 og slitið kl. 14:59. Félagsgjald var ákveðið óbreytt, kr. 7.000 fyrir starfsárið 2023.

Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu og kaffiveitinga á fundinum nam 25 þúsund krónum og kostnaður vegna prentunar ársskýrslu 159.750 krónum. TF3UA skýrði frá því að drög að fundargerð aðalfundarins væru lögð fram til kynningar á þessum fundi. Gögn sem lögð voru fram í aðalfundarmöppu ásamt skriffærum:

- Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.
- Lög ÍRA; sérprentun.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2022/23 (239 bls. að stærð).
- Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir starfsárið 2022.
- Skýrsla formanns Prófnefndar ÍRA um starfsemi nefndarinnar.

Nánar vísast í upplýsingar frá fundinum í 2. tbl. CQ TF 2023.

## **6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag og fundartími/staður stjórnarfunda.**

Formaður, TF3JB lagði fram og kynnti stutt yfirlit yfir verkefni nýs starfsárs. Hann sagðist skipta þeim í tvo flokka, föst verkefni og ný – auk þeirra sem verða tilfallandi og eru ófyrirséð. Hann sagðist gera ráð fyrir 6-8 formlegum stjórnarfundum. Miðað er við að þeir verði haldnir í Skeljanesi, nema annað verði ákveðið, s.s. að efna til fjarfunda. Ennfremur er gert ráð fyrir 2 félagsfundum.

### **A. FÉLAGSADSTADAN.**

- Undirbúningur, opnun og viðvera á opnunardögum; fimmtudagskvöldum, laugardögum og sunnudagsmorgnum. Undirbúningur á fundarsal, fjarskiptaherbergi og QSL herbergi. Hér er m.a. átt við röðun húsgagna, þrif og annan frágang til að halda húsnæði vistlegu. Í annan stað, að sjá um innkaup á kaffi, te, meðlæti og hreinsunarvörum og síðan, að taka fram og gera klárt, kaffi og kaffibrauð á opnunardögum/kvöldum (og ganga frá eftir að viðburði er lokið).
- Skeljanes utanhúss, m.a. að tína rusl sem oft safnast að inngangi hússins, annast snyrtingu á gróðri við húsið, sjá um yfirmálun á veggjakroti á bárujárnsgirðingu o.fl.
- Loftnet TF3IRA. Viðhald og uppsetning loftneta félagsins sem biða uppsetningar. Þ.á.m. 80 m. spóla og toppur fyrir Hustler BTV-5 stangarloftnet, uppsetning endafædds vírs fyrir 80 m. og meginverkefnið, þ.e. uppsetning nýja turnsins, OptiBeam loftnets og Pro.Sis.Tel rötors, auk frágangs á stýriklappi og „hard-line“ flutningslínu.
- Búnaður í fjarskiptaherbergi. Fjarskiptaborð A, B og C; viðhald og uppfærsla.

### **B. VIRKJUN KALLMERKJA INNANLANDS; FJARSKIPTAVIÐBURÐIR ÍRA.**

- Páskaleikar ÍRA 2023; 7.-9. apríl. VHF/UHF leikar ÍRA 2023; 7.-9. júlí. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2023; 19.-20. ágúst og TF útileikar ÍRA 2023; 5.-7. ágúst.

### **C. VIRKJUN KALLMERKJA UTANLANDS.**

- Virkjun TF3IRA/TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, m.a. SAC, CQ, WAE o.fl. Virkjun TF3HQ í IRAU HF World Championship (8.-9. júlí). Virkjun TF3WARD á alþjóðadegi radíóamatöra (18. apríl) og virkjun TF3YOTA; ungmennastarf; m.a. í desembermánuði.

### **D. VETRARDAGSKRÁR ÍRA.**

- Vetrardagskrá ÍRA í mars-maí 2023.
- Vetrardagskrá ÍRA í október-desember 2023.

### **E. TÖLVUPÓSTFANG, HEIMASÍÐA OG FB SÍÐUR.**

Dagleg umsjón með tölvupóstfangi félagsins, [ira@ira.is](mailto:ira@ira.is) Umsjón með uppfærslu heimasíðu, [www.ira.is](http://www.ira.is); þ.m.t. fréttir/tilkynningar og innsetning á FB síður. Uppfærsla á undirsíðum í samvinnu við nefndir og embættismenn.

### **F. NÁMSKEIÐ.**

- Fyrirhuguð námskeið ÍRA til amatörprófs í mars-maí og október-desember.
- Undirbúningur námsefnis.
- Samvinna stjórnar, prófnefndar og umsjónarmanns námskeiða við undirbúning og rekstur.
- Aðkoma stjórnarmanna að rekstri námskeiðs, til aðstoðar við umsjónarmann.

### **G. STJÓRNVÖLD.**

- Regluleg samskipti við Fjarskiptastofu.

### **H. ERLEND SAMSKIPTI STJÓRNAR OG EMBÆTTISMANNA.**

- NRAU, IARU og IARU Svæði 1, auk samskipta við systurfélögin.
- Önnur erlend samskipti í nafni félagsins.

### **I. ÖNNUR VERKEFNI.**

- Endurskoðun/uppfærsla embættismannakerfis.

Fundarmenn tóku vel í framlagt efni. Undir dagskrárliðnum var samþykkt að stjórnarfundir fari fram á starfsárinu á fimmtudögum kl. 18:00 í Skeljanesi.

#### **7. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagsjóðs.**

Gjaldkeri, TF3PW gaf upp stöðu félagsjóðs, sem er 1.586.986 kr. krónur m.v. 2. mars 2023. Greidd félagsgjöld (2022) eru alls 172.

#### **8. Ný vetrardagskrá 2023.**

Formaður, TF3JB lagði fram og kynnti nýja vetrardagskrá ÍRA sem hefst 9. mars og lýkur 25. maí. Alls verða 20 viðburðir í boði í flutningi 16 félagsmanna. Um er að ræða 8 erindi, 5 laugardagsopnanir, sunnudagsopnun, 3 námskeið og myndakvöld, auk þess sem páskaleikarnir koma inn (7.-9. apríl) og flóamarkaður að vori (7. maí). Stjórnarmenn þökuðu formanni fyrir vel heppnað og glæsilegt verkefni.

#### **9. Námskeið til amatörprófs.**

Formaður, TF3JB kynnti fyrirkomulag námskeiðsins. Miðað er við að það standi yfir frá 27. mars til 23. maí 2023 og verði haldið í stað- og fjarnámi í Háskólanum í Reykjavík. Kennsla fer fram í stofu verkfræðideildar V109; mánu-, miðviku- og föstudaga kl. 18:30-21:30. Stefnt er að prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 3. júní.

Formaður þakkaði Jóni (TF3PW) sérstaklega fyrir góða aðstoð sem og Vilhjálmi Þór (TF3DX) og öllum sem komið hafa að undirbúning verkefnisins. Formaður tekur að sér verkefni umsjónarmanns námskeiða félagsins samkomulagi á milli hans og gjaldkera. Fyrirhugað er að byrjað verði á að kanna með áhuga á þátttöku 10. mars n.k.

Alls munu 10 kennarar koma að verkefninu. Það eru: Andrés Þórarinsson, TF1AM; Ágúst Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry Arnar Hálfánarson, TF3HRY; Hrafnkell Eiríksson, TF3HR; Kristinn Andersen, TF3KX; Njáll H. Hilmarsson, TF3NH; Óskar Sverrisson, TF3DC; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX.

#### **10. Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2023/24; fyrsta umfjöllun.**

Farið var yfir drög að starfsáætlun næsta árs. Margt spennandi er framundan. Stefnt er að því að leggja fram fullbúið handrit að áætluninni á næsta fundi stjórnar.

#### **11. Páskaleikar ÍRA 2023; 7.-9. apríl.**

Páskaleikar félagsins fara fram með hefðbundnum hætti 7.-9. apríl n.k. Hrafnkell (TF8KY) umsjónarmaður leikanna hefur uppfært leikjagrunninn sem er „on-line“ leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikinn allan tímann þangað til leikurinn endar. Sérstakar þakkir voru samþykktar til Hrafnkels fyrir framúrskarandi góð störf að verkefninu.

Kallmerkið TF3IRA verður starfrækt í leikunum a.m.k. laugardaginn 8. apríl kl. 10-16.

#### **12. Alþjóðadagur radíóamatöra 2023; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.**

Kallmerkið TF3WARD verður virkjað frá fjarskiptaaðstöðu félagsins í Skeljanesi á alþjóðadaginn. Miðað er við að stöðin verði a.m.k. QRV ca. frá kl. 10-16 þriðjudaginn 18. apríl.

#### **13. CQ TF, útgáfuáætlun 2023/24. Tillaga ritnefndar lögð fram.**

Formaður, TF3JB lagði fram tillögu ritnefndar að útgáfuáætlun CQ TF á nýju starfsári, 2023/24. Áætlunin gerir ráð fyrir fjórum tölublöðum samkvæmt meðfylgjandi töflu.

TÖLUBLAÐ	AUGLÝST EFTIR EFNI	ÚTKOMUDAGUR	TÍMI FRÁ SÍÐASTA TÖLUBLAÐI
2. tbl. 2023	12.-22. mars	Sunnudagur 2. apríl	2½ mánuðir
3. tbl. 2023	10. júní-2. júlí	Sunnudagur 16. júlí	3 mánuðir
4. tbl. 2023	11.-24. september	Sunnudagur 8. október	2¾ mánuður
1. tbl. 2024	27. desember-6. janúar (2024)	Sunnudagur 20. janúar (2024)	3½ mánuður

Miðað er við að hvert blað verði af stærðinni 40-48 blaðsíður og að prentuð verði 25 eintök af hverju blaði til notkunar fyrir félagið (óbreytt frá síðasta starfsári). Þá er miðað er við að birta áfram styrktarlínu Vodafone á bls. 2 eins og birt var í fyrsta sinn í 1. tbl. 2022. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

#### **14. Önnur mál.**

##### *a. Inntaka nýrra félagsmanna.*

Samþykkt inntaka Marek Cichocki, TF3MCO (SP3MCO) í félagið. Marek verður gjaldfrjáls sökum líkamlegrar fötlunar. Stjórn býður hann velkominn í félagið.

##### *b. Ákvörðun um öryggiskerfi.*

Tilboð Georg (TF2LL) aflaði fyrir hönd félagsins lögð fram til skoðunar. Málið rætt. Til skoðunar að jafnvel geti verið hagkvæmara að kaupa AJAX eða sambærilegt kerfi. Málinu frestað til næsta fundar.

##### *c. Ákvörðun kaup á heimilistækjum.*

Samþykkt að kaup hraðsuðuketil og ísskáp. Jón (TF3PW) og Sæmundur (TF3UA) munu annast innkaup.

##### *d. Tillaga TF1AM.*

Andrés (TF1AM) kynnti hugmynd sína um að koma félaginu á framfæri með greinarskrifum í dagblöð, setja e.t.v. upp stöð á Menningarnótt o.fl. Andrés vinnur málið áfram.

##### *e. TF3NH kynnti gjöf til félagsins.*

Njáll (TF3NH) ræddi væntanlega gjöf til félagsins sem er gervihnattadiskur (jafnvel fleiri en einn). Búnaðurinn er staðsettur á Akureyri. Samþykkt að fela Njáli að skoða á hvor við getum flutt disk/diska til Reykjavíkur við hagstæðu verði. Georg (TF3GZ) mun aðstoða Njál við verkefnið.

Um er að ræða mótordrífinn gervihnattadisk í kúlu eins og Njáll útskýrði vel á fundinum, en loftnetið er í raun búið bíða frá því fyrir Covid-19 faraldurinn. Það er hins vegar í góðri geymslu hjá Kristni (TF8KD) fyrir norðan. Njáll nefndi, að okkur bjóðist í raun þrír diskar, þar af tveir í fullkomnu lagi.

Hugmyndin er að nota diskana til fjarskipta frá félagsstöðinni við önnur gervitungl heldur en QO-100, en samkvæmt upplýsingum á “*AMSAT Live OSCAR Satellite Status Page*“ eru nú yfir 40 gervitungl QRV. <https://www.amsat.org/status/>

#### **15. Næsti fundur stjórnar.**

Samþykkt að efna til næsta fundar stjórnar ÍRA fimmtudaginn 4. maí n.k. kl. 18:00 í Skeljanesi.

#### **16. Fundarslit.**

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:30.

Fundargerð ritaði

Guðmundur Sigurðsson / TF3GS

fráfarandi ritari ÍRA



## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerð stjórnarfundar nr. 2, haldinn í Skeljanesi 4. maí 2023 kl. 18:00.

Mættir: TF3JB formaður, TF3AM varaformaður, TF3GZ ritari, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF3PW gjaldkeri tilkynnti forföll. Gestur: TF3KB IARU/NRAU tengiliður félagsins.

### Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 1. fundi (frá 2. mars 2023).
3. Yfirlit yfir innkominn/útsend erindi á milli funda.

**02.3.2023...**Erindi frá: James (KB2FMH) þar sem hann falast eftir þátttöku frá TF3IRA á „World Autism Awareness Week International Special Event“ frá 25. mars.  
**02.3.2023...**Erindi til: James (KB2FMH) þar sem hafnað var þátttöku í viðburðinum frá félagsstöðinni enda fyrirvari lítil og ekki mannaflí til að keyra stöðina í viku.  
**09.3.2023...**Erindi til: Marek Cichocki TF3CO (SP3CO) þar tilkynnt er um félagsaðild hans að ÍRA (án greiðslu) sbr. samþykkt stjórnarfundar ÍRA nr. 1; 2023/24.  
**09.3.2023...**Erindi frá: Fjarskiptastofu. Tilkynning um útgáfu kallmerkisins TF4ZQ til Kristoffers Gunnarssonar, SA7AZQ sem búsettur er á Hólmavík.  
**10.3.2023...**Erindi frá: Jack (WA6CR) sem er íslenskur ríkisborgari og óskar að gangast undir próf til amatörleyfis á Íslandi í júlí þegar hann verður á landinu.  
**10.3.2023...**Erindi til: Jack (WA6CR). Jack skýrt frá því, að fyrirhuguðu námskeiði ÍRA til amatörprófs eigi að ljúka með prófi til amatörleyfis 3. júní.  
**13.3.2023...**Erindi frá: Dave (WB4VAM). Jack biður um staðfestingu á sambandi við TF3IRA á 15M SSB á LoTV.  
**13.3.2023...**Erindi til: Dave (WB4VAM) þar sem honum er tilkynnt um að erindið hafi verið framsent á QSL stjóra félagsins, TF3MH.  
**27.3.2023...**Erindi frá: Paul (N8GEM) þar sem hann spyr um D-Star virkni frá Reykjavíkursvæðinu vegna heimsóknar til TF í sumar.  
**27.3.2023...**Erindi til: Paul (N8GEM) þar sem honum eru veittar upplýsingar um D-Star endurvarpann á 439.950 MHz í Bláfjöllum (HP93ex).  
**27.3.2023...**Erindi frá: Jack (WA6CR) þar sem hann spyr um möguleika á að komast í próf til amatörleyfis hér á landi á bilinu frá 20. júní til 1. ágúst.  
**27.3.2023...**Erindi til: Jack (WA6CR). Honum tjáð að fallið hafi verið frá prófinu 3. júní en að stefnt sé að næsta prófi í lok desembermánaðar.  
**04.4.2023...**Erindi frá: Elinu (TF2EQ); afrít til kynningar á svari til W8LUX sem hefur hug á að verða QRV frá TF og langar til að heimsækja Skeljanesi í apríl/maí.  
**04.4.2023...**Erindi frá: Fjarskiptastofu. Staðfest umsókn ÍRA fyrir kallmerki félagsins að mega nota 70 MHz bandið í sumar.  
**08.8.2023...**Erindi frá: Daniel (VE7LGC). Byður efni til birtingar í CQ TF, greinarnar: „Medium Wave DX listening“ og „Repeaters with one transistor“.  
**08.8.2023...**Erindi til: Daniel (VE7LGC). Danel er þakkað fyrir sendinguna. (Greinin verður framsend til ritstjóra blaðsins).  
**11.4.2023...**Erindi frá: Vilhjálm (TF3VS); afrít til kynningar á svari TF3T til OH2KW sem hefur áhuga á að fara í loftið frá TF; e.t.v. frá Skeljanesi.  
**14.4.2023...**Erindi frá: Gerry (W1VE) skrifar og mun starfa við WRTC 2023 á Ítalíu í sumar og hefur 12 klst. viðkomu á Íslandi og langar í loftið, t.d. frá TF3IRA.  
**15.4.2023...**Erindi til: Gerry (W1VE) boðið að hafa samband þegar nær dregur ferðlagi hans í júlímánuði (en hann verður einn af dómurum á WRTC keppinni).  
**Mars 2023...**Orðsendingar formanns milli stjórnarfundar: Nr. 1-2-3-4-5-6-7-8-9-10-11-12-13-14-15-16-17-18-19-20-21-22 (22 sendingar í marsmánuði).  
**Apríl 2023...**Orðsendingar formanns milli stjórnarfundar: Nr. 23-24-25-26-27-28-29-30-31-32-33-34-35-36-37-38-39-40 (18 sendingar í aprílmánuði)

4. Skýrsla gjaldkera; staða félagssjóðs og innheimta 2023.
5. Skipan embættismanna starfsárið 2023/24.
6. Starfsáætlun stjórnar 2023/24.
7. Frestun á námskeiði til amatörprófs 24. mars; skýrsla umsjónarmanns.
8. Flóamarkaður að vori 7. maí.
9. Loftnetamál TF3IRA, stöðuskýrsla.
10. Skýrsla TF3KB, IARU/NRAU tengiliðar ÍRA.
11. CQ TF, 2. tbl. kom út á heimasíðu 2. apríl.  
(a) Sent á Norðurlandafélögin 4. apríl; (b) blaðið sótt í prentun 14. apríl; (c) póstlagt 17. apríl.
12. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.  
(a) TF3W í CQ WW WPX 25.-26. mars; (b) TF3IRA í páskaeikunum 7.-9. apríl; (c) TF3WARD á Alþjóðadegi radióamatöra 18. apríl.
13. Uppfærsla á upplýsingum um kallmerki ÍRA á vefsíðunni QRZ.COM (6.3., 23.3 og 22.4.).
14. Önnur mál.  
(a) Tillaga um kaup á Hustler 4-BTV HF stangarneti með aukahlutum fyrir TF3IRA.  
(b) Kaup á heimilistækjum í félagsaðstöðuna í Skeljanesi 7. mars.  
(c) Tilkynning um nýja skipan stjórnar ÍRA 2023/24 send til Fjarskiptastofu 7. mars.  
(d) Tilk. um nýja stjórn ÍRA 2023/24 sendar til IARU, IARU R1, NRAU og Norðurlandafélaganna 7. mars.  
(e) Sending af radiódóti barst félaginu 2. mars frá TF3WS.  
(f) Sending af radiódóti barst félaginu 24. mars frá TF3JB.  
(g) Sending af radiódóti barst félaginu 13. apríl frá TF3FG.  
(h) Sending af radiódóti barst félaginu 27. apríl frá TF3PW.  
(i) Páskakveðjur voru sendar frá stjórn til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 6. apríl.  
(j) Fjarskiptastofa: Endurnýjun 50 MHz heimildar 2023 (27. mars).  
(k) Fjarskiptastofa: Endurnýjun 70 MHz heimildar 2023-2024 (4. apríl).
15. Næsti fundur stjórnar.
16. Fundarslit.

### **1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.**

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann bauð Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengilið félagsins sérstaklega velkominn á fundinn og lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá, sem var samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerð lögð fram frá 1. fundi (2. mars 2023).**

Fundargerðin var samþykkt samljóða sem og fundargerð formlegs stjórnarskiptafundar sem haldin var fyrr sama dag.

### **3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.**

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda.

### **4. Skýrsla gjaldkera; staða félagssjóðs og innheimta 2023.**

Upplýsingar bárust fyrir fundinn frá TF3PW, gjaldkera. Samkvæmt þeim voru 60 félagsmenn búnir að greiða félagsgjald 4. maí og innstæða á banka losaði 1,5 milljónir króna.

### **5. Skipan embættismanna starfsárið 2023/24.**

Formaður, TF3JB vísaði framlagðra gagna á fyrri fundum stjórnarinnar um uppfærslu embættismannakerfis félagsins, sem í raun hafi verið á dagskrá þegar Covid-19 faraldurinn setti strik í reikninginn – og kynnti það stuttlega fyrir nýjum stjórnarmönnum.

Verkefnið lýtur m.a. að því að koma á reglulegum fundum með embættismömmum og fulltrúa/fulltrúum stjórnar (1-2 fundum á ári), að útbúa erindisbréf (ca. ½ bls.). Hugmynd er, að varaformaður takist á hendur umsjón með verkefninu og í framhaldi verði útbúið frumvarp til breytinga á lögum félagsins til samþykktar á aðalfundi 2024.

Undir dagskrárliðnum kom m.a. fram, að varaformaður, TF1AM hafði rætt við formann og í framhaldi verið í sambandi við þá TF3EK (umsjónarmann TF útileikanna) og TF8KY (umsjónarmann Páskaleika og VHF/UHF leika. Hann hafði m.a. kynnt fyrir þeim hugmyndir sínar að breyta nöfum og dagsetningum fjarskiptaviðburðanna, þ.e. í vor-, sumar- og haustleika flytja viðburðina af páskahelginni og verslunarmannahelginni. Ennfremur hafði hann sent þeim uppkast að uppfærslu á reglum og m.a. hugmynd þess efnis að setja inn efnislínu á opnunarsíðu heimasíðu félagsins með upplýsingum um dagsetningar og með tilvísan á reglur.

Tillaga um endurskipan embættismenn var samþykkt sem og vinna að vinna að uppfærslu embættismannakerfisins á starfsárinu. Ennfremur tóku menn vel í hugmyndir varaformanns og hugmyndir hans um uppfærslu fjarskiptaviðburða félagsins sem hann mun ræða nánar í samvinnu við umsjónarmenn.

### **6. Starfsáætlun stjórnar 2023/2024**

Varaformaður, TF1AM kynnti framlagt uppkast að starfsáætlun stjórnar 2023/24. Andrés sagði m.a. að hann vildi hafa svipað form á hlutunum og verið hefur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **7. Frestun á námskeiði til amatörprófs vorið 2023s; skýrsla umsjónarmanns.**

Formaður, TF3JB fór yfir framlagða skýrslu, þar sem kemur m.a. að hann leysti Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmann námskeiða félagsins af hvað varðar umsjón með undirbúningi fyrirhugaðs námskeiðs ÍRA til amatörprófs vorið 2023 (fyrirkomulag sem var kynnt á 1. stjórnarfundi 2023/24).

Undirbúningur var hliðstæður vel heppnuðu verkefni TF3PW vorið 2022. Námskeið yrði haldið í Háskólanum í Reykjavík, bæði í staðnámi og fjarnámi. Kennt yrði þrisvar í viku: Mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18:30-21:30 (eins og í fyrra). Fyrirhugað var, að námskeið mundi standa yfir í 6 1/2 viku – alls 21 kennsludag – byrja 27. mars og ljúka 23. maí. Síðan stóð til að próf Fjarskiptastofu til amatörprófs yrði í boði laugardag 3. júní.

Þegar leið að lokum tilskilins frests, sem gefinn var fyrir menn að skrá sig kom í ljós, að ekki yrði af námskeiðinu sökum fárra skráninga. Í raun var ferlið líkt og síðast þurfti að fresta

boðuðu námskeiði sem var í september 2021. Þann 24. mars var sett inn eftirfarandi tilkynning á heimasíðu og FB síður:

**NÁMSKEIÐI ÍRA FRESTAÐ.** Stjórn ÍRA hefur ákveðið að fresta auglýstu námskeiði til amatörprófs sem átti að hefjast mánudaginn 27. Mars. Jafnframt verður fallið frá að óska eftir prófdegi Fjarskiptastofu í byrjun júní.

Ástæðan er lítil þátttaka, en aðeins sex skráðu sig innan tilskilins frests. Þeir sem hafa greitt námskeiðsgjöld fá þau endurgreidd.

Boðið verður upp á nýtt námskeið sem hefst í október. Það verður haldið í Háskólanum í Reykjavík, bæði í staðnámi og fjarnámi. Skráning hefst 8. ágúst n.k.

F.h. stjórnar ÍRA,

Jónas Bjarnason, TF3JB  
formaður

Formaður gat þess að lokum að það lægi mikil vinna að baki því að bjóða upp á námskeið til amatörprófs. Sameina þurfi marga krafta og stilla saman til að orkan beinist að markmiði verkefnisins og allt saman er í sjálfboðavinnu.

Hann nefndi fimm atriði sem þurfi að hafa til hliðsjónar við undirbúning námskeiðs á hausti komanda:

- 1) Auglýsa námskeið með betri fyrirvara.
- 2) Nýta fleiri miðla en heimasíðu ÍRA, FB síður og tölvupósta til allra félagsmanna ÍRA.
- 3) Fleiri miðlar eru t.d. Mbl., héraðsfréttablöð o.þ.h., auk útvarpsþátta o.fl.
- 4) Fá fleiri að verkefninu innan félagsins með hugmyndir og vinnuframboð.
- 5) Athuga að gera „YouTube“ myndbönd (eða fá frá systurfélagunum) þar sem áhugamálið er kynnt.

### **8. Flóamarkaður ÍRA að vori 7. maí**

Formaður, TF3JB kynnti framlögð gögn fór yfir hvernig til tókst með síðasta flóamarkað félagsins þann 9. október s.l. Þegar markaðurinn var í boði í Skeljanesi og í fyrsta sinn jafnframt yfir netið. Viðburðurinn heppnaðist afar vel og sóttu alls 47 félagar flóamarkaðinn (þar af 7 yfir netið).

Formaður gat þess að Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS hafi tekið að sér að annast uppboð á markaðnum líkt og fyrri ár, en Vilhjálmur hefur staðið sig með endemum vel í því hlutverki frá árinu 2010. Skoðað verður með félagsmann sem getur tekið að sér hlutverk tæknistjóra þar sem hugmyndin er að viðburðurinn verður aftur í boði með aðgangi yfir netið.

### **9. Loftnetmál TF3IRA, stöðuskýrsla**

Formaður, TF3JB kynnti framlagða samantekt um stöðuna á loftnetmálum félagsins og hvað gert hefur verið síðustu misseri. Þ.á.m. var rætt um að tiltekt í portinu þurfi að fara fram áður vinna við uppsetningu á nýja turninum geti hafist.

Fram kom m.a. að tvö loftnet TF3IRA eru í lagi 4. maí, þ.e. endafædda vírnetið fyrir 160m og 4 staka Yagi loftnetið fyrir 20m. Einnig bæði loftnetin á VHF/UHF, sem eru fyrir 2m/70cm og APRS. Nýi turninn og nýja OptiBeam Yagi loftnetið bíða uppsetningar, auk fleiri loftneta.

### **10. Skýrsla TF3KB IARU/NARU tengiliðar IRA**

Kristján Benediktsson, TF3KB fór yfir stöðu mála hjá IARU/NARU og hverjir stjórna málum þar. Skýrði m.a. frá fjarfundum 25. og 26. apríl með fulltrúum NRAU og USKA. NRAU fundurinn fjallaði einkum um SAC keppnirnar sem féllu niður í fyrra (2022) vegna stríðsins í Úkraínu. Boðað var til USKA fundarins m.a. vegna áhyggna svissneska félagsins um aldursdreifingu amatöra í USKA sem og í heiminum og þurfi að bretta upp ermar í þeim málum. Sæmundur, TF3UA kom með hugmynd þess efnis, að halda megi sérstakan fund um málefni þau sem Kristján TF3KB hefur umsjón með sem tengiliður IRA.

### **11. CQ TF, 2. tbl. kom út á heimasíðu 2 apríl.**

Fyrsta tölublað starfsársins 2023/24, 2. tbl. CQ TF 2023, kom út 2. apríl. Blaðið er 44 bls. að stærð. Alls eiga 10 félagar efni í blaðinu.



Formaður, TF3JB fór yfir útgáfu blaðsins og þakkaði góða samvinnu við ritnefnd og við nýjan ritstjóra, TF3UA. Hann gaf jafnfram yfirlit yfir vinnsluferil útgáfunnar:

- Ritnefnd (TF3UA, VS og JB) hélt 2 formlega fundi til undirbúnings, 16. febrúar og 14. mars.
- Ritstjóri óskaði eftir efni á heimasíðu og FB síðum 12. og 19. mars og var tekið á móti efni til 24. mars.
- Blaðið kom út samkvæmt áætlun á heimasíðu og FB síðum 2. apríl.
- Það var sent til Norðurlandafélaganna á stafrænu formi 4. apríl.
- Var sótt í prentun 14. apríl.
- Og var póstlagt á prentuðu formi til Fjarskiptastofu, heiðursfélaga o.fl. 17. apríl.

Sæmundur TF3UA þakkar formanni TF3JB, sérstaklega fyrir góð störf í útgáfu síðasta blaðs.

## 12. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfundu.

Formaður, TF3JB kynnti framlagða samantekt um virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfundu sem var eftirfarandi:

- Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í CW World Wide WPX SSB keppninni 25.-26. mars. TF3JB setti stöðina í loftið.
- TF3IRA var virkjað frá Skeljanesi í páskaleikunum 7.-9. apríl. Stöðin var QRV 8. apríl TF3JB og TF3NH settu stöðina í loftið.
- TF3WARD var virkjað á Alþjóðadag radíóamatöra 18. apríl. TF3JB setti stöðina í loftið.

## 13. Uppfærsla á upplýsingum um kallmerki IRA á vefsíðunni QRZ.COM.

Formaður, TF3JB kynnti framlagða samantekt um uppfærslu upplýsinga um kallmerki IRA á vefsíðunni QRZ.COM.

Hann gat þess, að mikilvægt sé að upplýsingar sem birtast á skjánum þegar kallmerki félagsins eru slegin inn á QRZ.COM séu vandaðar í framsetningu og réttar. En QRZ síða tiltekins kallmerkis er oft það fyrsta sem erlendur leyfishafi sér um IRA (og jafnvel um Ísland). Menn slá kallmerki gjarnan inn á QRZ eftir að sambandi hefur verið náð. Oftast til að afla upplýsinga um hvernig má fá sambandið staðfest, en líka til að sjá upplýsingar um kallmerkið.

Um er að ræða kallmerkin TF3IRA, TF3W, TF3HQ, TF3WARD, TF3YOTA og TF8IRA. Uppfærslan var gerð í þremur áföngum: 3. mars, 13. mars og 22. apríl. Ekki voru gerðar breytingar á upplýsingum um TF1IRA á vefsíðunni. Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir góðar ábendingar á meðan á vinnslu verkefnisins stóð.

## 14. Önnur mál

(a) *Tillaga um kaup á Hustler 4-BTV HF stangarneti með aukahlutum fyrir TF3IRA.*

Formaður, TF3JB leggur til að keypt verði nýtt loftnet í staðinn fyrir núverandi stangarloftnet félagsins sem er ónýtt. Nýtt loftnet er fyrir 80, 60, 40, 30, 20, 17, 15, 12 og 10 metra böndin. Áætlað heildarverð er 96 þúsund krónur með öllum kostnaði komið til landsins. Tillagan samþykkt samhljóða.

(b) *Kaup á heimilistækjum í félagsaðstöðuna í Skeljanesi 7. mars.*

Í samræmi við samþykkt á stjórnarfundu nr. 1/2023-24 (2. mars) sáu TF3PW og TF3UA um kaup á nýjum tækjum í eldhús félagsins í Skeljanesi. Keyptur var ísskápur frá Siemens og hraðsuðukanna frá Bosh. Ísskápurinn kostaði 99.900 kr. (fullt verð 149.900 kr.) og kannan kostaði 7.700 kr. (fullt verð 9.900 kr.). Kostnaður vegna flutnings, losunar og förgunar nam alls 8.500 kr.

(c) *Tilkynning um nýja skipan stjórnar IRA 2023/24 send til Fjarskiptastofu 7. mars.*

Formaður, TF3JB gerði lagði fram til kynningar afrit af erindinu til Fjarskiptastofu.

(d) Tilkynning um nýja stjórn ÍRA 2023/24 sendar til IARU, IARU R1, NRAU og Norðurlanda-félaganna 7. mars.

Formaður, TF3JB gerði lagði til kynningar fram afrit af erindinu til framangreindra aðila.

(e) Sending af radiódóti barst félaginu 2. mars frá TF3WS.

(f) Sending af radiódóti barst félaginu 24. mars frá TF3JB.

(g) Sending af radiódóti barst félaginu 13. apríl frá TF3FG.

(h) Sending af radiódóti barst félaginu 27. apríl frá TF3PW.

Formaður, TF3JB gerði grein fyrir framlögðum upplýsingum um gjafirnar, m.a. með ljós-myndum. Samþykktar voru þakkir til þeirra TF3WS, TF3JB, TF3FG og TF3PW fyrir nýtsamar gjafir og hlýjan hug til félagsins.

(i) Páskakveðjur voru sendar frá stjórn til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 6. apríl.

Formaður, TF3JB kynnti málið.

(j) Fjarskiptastofa: Endurnýjun 50 MHz heimildar 2023 (27. mars).

Formaður, TF3JB lagði fram afrit af erindinu frá Fjarskiptastofu.

(k) Fjarskiptastofa: Endurnýjun 70 MHz heimildar 2023-2024 (4. apríl).

Formaður, TF3JB lagði fram afrit af erindinu frá Fjarskiptastofu.

(l) Gjöf frá Unni eiginkonu Odds hjá ORG ehf.

Formaður, TF3JB skýrði frá gjöf til félagsins sem hann og Kristinn Andersen, TF3KX tóku á móti í Skeljanesi 21. mars s.l. Um er að ræða útsaumaða mynd ca. í A4 stærð. Gefandi er Unnur eiginkona Odds framkvæmdastjóra ORG ehf. Unnur sagðist vilja þakka góða samvinnu með gjöfinni.

Formaður kvaðst hafa sótt myndina í innrömmun skömmu fyrir fundinn og sýndi fundar-mönnum hana. Stjórn þakkar Unni fyrir gjöfina og hlýjan hug til félagsins.

### **15. Næsti fundur stjórnar.**

Samþykkt að efna til næsta fundar stjórnar ÍRA fimmtudaginn 20. júlí n.k. kl. 18:00 í Skeljanesi.

### **16. Fundarslit**

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:46

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari ÍRA

**Fundur  
1****Fundur  
2****Fundur  
3****Fundur  
4****Fundur  
5****Fundur  
6****Fundur  
7**

## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerð stjórnarfundar nr. 3 haldinn 20. júlí 2023 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður, TF1AM varaformaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

### Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð lögð fram frá 2. fundi (frá 4. maí 2023).

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

- 02.5.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Fundargögn [sending nr. 2] vegna ráðstefnu svæðisins 1.-4. nóvember í Zlatibor í Serbíu.  
02.5.2023...Erindi frá: Jónasi Birgi Jónassyni. Spyr um próf á ensku fyrir enskumælandi systurson sinn sem er væntanlegur til landsins frá Bandaríkjunum.  
02.5.2023...Erindi til: Jónasar Birgis. Útskýrt, að næsta fyrirhugaða próf til amatörleysis verði haldið í byrjun nóvember n.k.  
14.5.2023...Erindi frá: Alexander Björn Kerff Nielsen. Er að koma til Íslands; á íslenska móður. Langar til að heimsækja ÍRA í Skeljanesi.  
14.5.2023...Erindi til: Alexanders. Hann boðinn velkominn í Skeljanes og sent nýja ávarpsbréf ÍRA til kynningar á félaginu.  
15.5.2023...Erindi frá: Charles „Chuck“ Dee Rice. Heimsækir landið 17.-27. nóvember. Hann langar m.a. til að heimsækja ÍRA.  
15.5.2023...Erindi til: Chuck svarað. Hann boðinn velkominn í Skeljanes og útskýrt m.a. að hann geti farið í loftið frá TF3IRA.  
27.5.2023...Erindi frá: Joseph Falcone, N8TI. Ætlar að heimsækja TF í sumar. Veltir fyrir sér heimild/heimildum til að mega setja stöð í loftið frá íslenskum þjóðgörðum.  
27.5.2023...Erindi til: Josephs. Svarað þannig að ÍRA hafi ekki upplýsingar um reglur einstakra þjóðgarða, en bent á að senda tölvupósta á þjóðgarðsverði.  
03.6.2023...Erindi frá: Ara Þórólf Jóhannessyni TF1A. Gerir tillögum um að ÍRA kaupi RigExpert AA-3000 ZOOM loftnetsgreini.  
03.6.2023...Erindi til: Ara Þórólfs. Talið vafasamt að félagið leggi í að kaupa mælitæki sem kostar 250 þúsund krónur og þarf námskeið til að kenna meðferð á.  
06.6.2023...Erindi frá: John Bock, KB1ICL. Spyr um heimildir bandarískra leyfishafa með „General“ leyfi til að fara í loftið á Íslandi.  
06.6.2023...Erindi til: KB1ICL. Málið útskýrt með tilvísan til íslensku reglugerðarinnar.  
09.6.2023...Erindi frá: Christopher Astbury, HB9FIY. Hann kemur í heimsókn til TF í sumar og veltir fyrir sér heimild til að mega fara í loftið frá húsbíl þeirra hjóna.  
09.6.2023...Erindi til: HB9FIY svarað. Útskýrt að hann geti notað kallmerkið TF/HB9FIY úr bílinum en þurfi ekki að sækja sérstaklega um heimild til Fjarskiptastofu.  
10.6.2023...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis-1. „Web Radio Control project, supported by the IARU “Shaping the Future” initiative”.  
10.6.2023...Erindi til: Formanni IARU Svæðis-1. Kynning á efni í boði á sýningarbási Svæðis-1 á Ham Radio sýningunni 2023 í Friedrichshafen.  
10.6.2023...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis-1. Kynning á dagskrá fundar framkvæmdastjórnar með fulltrúum landsfélaganna 23. júní í Friedrichshafen kl. 16-17.  
10.6.2023...Erindi til: Formanni IARU Svæðis-1. Kynning á dagskrá fundar um "Shaping the Future" verkefnisins í Friedrichshafen 23. júní kl. 14-15.  
11.6.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Upplýsingar sem varða ferðalög fulltrúa landsfélaganna á ráðstefnu svæðisins í Zlatibor í Serbíu í nóvember n.k.  
11.6.2023...Erindi til: Ritara IARU Svæðis-1. Kynning á „Ham Challenge 2023“; tillögur um hvetjandi efni gagnvart ungu fólki sem eru leyfishafar og ekki leyfishafar.  
20.6.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Kynning á hlustaðgangi að fundi framkvæmdastjórnar með fulltrúum landsfélaganna 23. júní í Friedrichshafen.  
21.6.2023...Erindi frá: World Amateur Radio Contest Association, WARCA. Kynning á upplýsingum um röðun þátttakenda í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.  
23.6.2023...Erindi frá: Fjarskiptastofu (HRH); umsókn Sören Marahrens DG5SM um íslenskt kallmerki, TF3SN (uppfyllir 3 mánaða dvöl á landinu samkvæmt reglugerð).  
23.6.2023...Erindi til: Fjarskiptastofu (HRH); ÍRA mælir með úthlutun kallmerkisins TF1SN þar sem TF3SNN er úthlutað.  
24.6.2023...Erindi frá: Cyprus Amateur Radio Society (CARS). Fyrirspurn um gjalddóku íslenskra stjórnvalda hvað varðar radióamatöra.  
24.6.2023...Erindi til: CARS. Fyrirspurn svarað, m.a. að frá og með 1.1.1977 hafi verið hætt að innheimta árið leyfisgjöld af radióamatörum á Íslandi.  
25.6.2023...Erindi frá: Michael Morris WA6ILQ. Heimsækir landið í 10 daga í nóvember n.k. Spyr um hvort hann megi fara í loftið. Langar til að heimsækja Skeljanes.  
25.6.2023...Erindi til: WA6ILQ. Útskýrt að sem „Extra Class“ leyfishafi geti hann notað kallmerkið TF/WA6ILQ. Michael boðinn velkominn í Skeljanes.  
28.6.2023...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis-1. Óskað eftir hugmyndum um hvernig halda má upp á 100 ára afmæli IARU [sem var stofnað í París árið 1925].  
29.6.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Stutt skýrsla frá fundi framkvæmdanefndar IARU Svæðis-1 sem haldinn var í Friedrichshafen 25.-26. júní.  
30.6.2023...Erindi frá: Duane Traver, WV2B. Hann ætlar að heimsækja TF í sumar og spyr um aðgang að félagsstöð ÍRA.  
30.6.2023...Erindi til: WV2B. Duane boðinn velkominn í Skeljanes. Hann geti t.d. haft sambönd frá félagsstöðinni TF3IRA heim til Bandaríkjanna.  
01.7.2023...Erindi frá: Ritara NRAU. Tilkynning um að næsti fundur NRAU verði haldinn 30. september n.k. yfir netið.  
13.7.2023...Erindi frá: Georg Magnússyni, TF2LL. Sendir póst með hugleiðingu um nýliðun í félaginu.  
13.7.2023...Erindi til: Georg þakkað fyrir póstinn og að hugleiðing hans verði lögð fyrir næsta stjórnarfund í félaginu (27.7.2023).

Apríl 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda nr. 2 og 3: Nr. 40. (1 sending).

Mai 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda nr. 2 og 3: Nr. 41-42-43-44-45-46-47-48-49-50-51-52 (12 sendingar).

Júní 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda nr. 2 og 3: Nr. 53-54-55-56-57-58-59-60-61-62-63-64-65-66-67-68-69-70-71-72 (20 sendingar).

Júlí 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda nr. 2 og 3: Nr. 73-74-75-76-77-78-79-80-81-82-83-84-85 (13 sendingar).

4. Staða félagssjóðs og innheimta 2023 – skýrsla gjaldkera.

5. Loftnetamál TF3IRA – stöðuskýrsla dags. 10. júlí.

6. Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2023 – stöðuskýrsla dags. 16. júlí.

7. Flóamarkaður ÍRA að vori (7. maí) – skýrsla dags. 8. maí.

8. CQ TF, 3. tbl. kom út á heimasíðu 29. júní – (a) Sótt í prentun 7. júlí; (b) Sent á Norðurlandafélögin 10. júlí; (c) póstlagt 17. júlí.

9. Virkni félagsstöðvarinnar – (a) TF3IRA í VHF/UHF leikunum 1.-2. júlí; (b) TF3W í IARU HF World Championship 8.-9. júlí.

10. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2023.

11. Viðtæki yfir netið.

12. Önnur mál.

(a) Gjöf til ÍRA 19. maí; radiódót – frá TF1A.

(b) Gjöf til ÍRA 19. maí; tveir sófastólar [vistaðir] í anddyri í Skeljanesi – frá NN.

(c) Gjöf til ÍRA 22. maí; radiódót – frá TF3WS.

(d) Gjöf til ÍRA 1. júní; 8" LCD Philips myndarammi [vistaður í sal] – frá TF1A.

(e) Gjöf til ÍRA 19. júní; fjórir eikarstólar með rimlabaki og bólstaðri setu [vistaðir í sal] – frá NN.

(f) Gjöf til ÍRA 13. júlí; radiólampar – frá TF3FG.

13. Næsti fundur stjórnar.

14. Fundarslit.

### **1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.**

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Mættir voru: TF3JB, TF1AM, TF3GZ, TF3PW, TF3NH, TF3UA og TF1EIN. Meðfylgjandi tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerð lögð fram frá 2. fundi (4. maí 2023).**

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

### **3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.**

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda. Engar athugasemdir voru gerðar.

### **4. Skýrsla gjaldkera; staða félagssjóðs og innheimta 2023.**

Gjaldkeri, TF3PW upplýsti að 158 félagsmenn hafi greitt félagsgjald en 22 hafi ekki greitt enn. Innstæða á bankareikningi félagssjóðs er 2.077.478 krónur. Gjaldkeri mun senda ítrekun eftir ákveðinn tíma á þá félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjald ársins.

### **5. Loftnetamál TF3IRA; nýtt Yagi loftnet; stöðuskýrsla dags. 10. júlí.**

Formaður, TF3JB lagði fram 17. bls. stöðuskýrslu um vinnuna að baki nýja Yagi loftnetinu sem reist var í portinu í Skeljanesi þann 2. júlí s.l.

Hann rifjaði upp, að loftnetið var reist þann 2. júlí 2023 kl. 15:44. Tengingum og stillingum var lokið 5. júlí og reyndist standbylgjuhlutfall vera 1.3 eða betra á öllum böndum. Loftnetsvirkið er staðsett í austurhluta portsins í Skeljanesi (við enda gömlu skemmunnar).

Nýja loftnetið er 9 staka Yagi frá OptiBeam, gerð OBDYA9-4, fyrir 17, 15, 12 og 10 metra böndin. Rótor er frá Pro.Sis.Tel. gerð PST2051D. Loftnetið situr í u.þ.b. 11 m. hæð á turni sem Benedikt Sveinsson, TF1T gaf félaginu og Georg Magnússon, TF2LL yfirfór fyrir uppsetningu og smíðaði festingar ásamt rótorfestingu. Loftnetið er fætt með 1/2“ „hardline“ kóaxkpli frá Andrews sem er 90 m. að lengd.

Loftnetið var „prufukeyr“ í IARU HF World Championship keppninni 8.-9. júlí þegar Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði félagssstöðina TF3W á morsi. Að sögn Sigurðar, kom loftnetið mjög vel út.

Skýrslan skiptist í inngang og 12 kafla með alls 50 ljósmyndum:

Inngangur (1 ljósmynd).

1. Ákvörðunarferli (2 ljósmyndir).
2. Undirbúningur; vinna við turn og rótor (7 ljósmyndir).
3. Það sem þurfti að panta erlendis frá (2 ljósmyndir).
4. Tilkynningar til félagsmanna (1 ljósmynd).
5. Heimild til uppsetningar á nýju fjarskiptavirki frá Reykjavíkurborg (1 ljósmynd).
6. Turnstaður undirbúinn (5 ljósmyndir).
7. Turnfestingar og undirbúningur (17 ljósmyndir).
8. Stóri dagurinn; „...og turn var reistur!“ (11 ljósmyndir).
9. Innsetning á heimasíðu og FB síður 6. júlí.
10. Nýja loftnetið kemur vel út (1 ljósmynd).
11. Að lokum (1 ljósmynd).
12. Tæknilegar upplýsingar um OBDYA9-4 Yagi loftnetið og Pro.Sis.Tel PST2051D rótorinn.

Efir að hafa yfirfarið skýrsluna, þakkaði formaður Georg Magnússyni, TF2LL sérstaklega fyrir hans aðkomu að verkefninu. Georg var hvatamaður og driffjóður og það sem mikilvægast er, hann stýrði verkefninu. Þetta er annað stórvirkið sem Georg kemur að fyrir félagið, en hann

bar hita og þunga af undirbúningi og smíðum fyrra loftnetsvirkis félagsins sem sett var upp dagana 24. og 25. nóvember 2018.

Formaður sagðist jafnframt vilja þakka sérstaklega þeim Sigurði R. Jakobssyni, TF3CW; Þórði Adolfssyni, TF3DT; Georg Kulp, TF3GZ og Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA sem stóðu í ströngu með Georg (TF2LL) allan tímann sem verkefnið tók.

Formaður sagðist ennfrems vilja þakka stuðning stjórnar félagsins við verkefnið sem og stuðning þeirra fjölmörgu annarra sem komu að því að gera þetta stærsta verkefni félagsins á árinu 2023 að veruleika.

Hann sagði að lokum, að það væri ánægjulegt að upplýsa að upphafleg áætlun um nettókostnað félagssjóðs að fjárhæð kr. 200 þúsund, sem sett var fram á stjórnarfundum nr. 4 – þann 1. september 2022, hafi staðist. Þessi niðurstaða hafi verið möguleg vegna sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins á flóamörkuðunum 9. október 2022 og 7. maí 2023, samtals að fjárhæð 335 þúsund krónur.

## **6. Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2023 – stöðuskýrsla dags. 16. júlí.**

Formaður, TF3JB fór yfir skipulag á haustnámskeiði félagsins til amatörprófs sem verður haldið 25. september til 7. nóvember n.k. Fyrstu þrjár innsetningar á heimasíðu ÍRA og FB síður voru gerðar 22. júní, 4. júlí og 16. júlí til kynningar.

Námskeiðið verður haldið í kennslustofu M-117 í Háskólanum í Reykjavík. Það verður samtímis í boði í staðnámi og fjarnámi. Hægt verður að mæta í kennslustofu í HR þegar það hentar og/eða taka þátt yfir netið þegar það hentar. Miðað er við próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis laugardag 11. nóvember. Námskeiðið er öllum opið og eru ekki gerðar kröfur um sérstaka menntun eða undirbúning. Kennt verður á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum kl. 18:30-21:30.

Sérstök kynningar- og upplýsingarbréf voru sent í tölvupósti til kennara og nemenda þann 18. júní. Ný og uppfærð bréf verða send til þeirra með upplýsingum í ágústmánuði. Með póstinum mun fylgja uppfært skipulag námskeiðsins, þar sem m.a. koma fram færsla efnis á fyrirlestrarkvöldum og fleira. Miðað við 20. júlí eru 19 staðfestar skráningar í húsi.

## **7. Flóamarkaður ÍRA að vori (7. maí) – skýrsla dags. 8. maí.**

Formaður, TF3JB lagði fram og flutti skýrslu um flóamarkaðinn sem haldinn var 7. maí s.l. í Skeljanesi. Markaðurinn gekk með afbrigðum vel. Alls mættu 31 félagi í Skeljanes og 9 voru þátttakendur yfir netið sem gerir alls 40 manns. Margir gerðu reyfarakaup og fóru ánægðir af vettvangi.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS bauð upp 29 „númer“ á uppboði flóamarkaðar og seldust 25, sem er góður árangur. Og margt seldist við herra verði en við var að búast fyrir hæfni Vilhjálms – sem fór á kostum og hefur sjaldan verið betri í hlutverki uppboðshaldara. Frábært líka hve tæknimálin gengu snurðulaust fyrir sig. Jón Björnsson TF3PW annaðist þau af fagmennsku, en sagði merkið frá netbeininum uppi í fjarskiptaherbergi vera á mörkunum að vera nothæft, þannig að við þurfum líklega að finna leið til að fá betra merki niður í fundarsal.

Tekjur félagssjóðs voru að þessu sinni alls 9.500 krónur, sem komu til vegna sölu á 2 Yaesu fjarskiptatöskum (kr. 8.000; gefandi TF3JB) og öryggismyndvél sem okkar var gefin í fyrra (kr. 1.500).

Ánægjulegt var hvað allir voru jákvæðir af afslappaðir. Umsögn Inga, TF8-Ø19 sem hann setti inn á FB eftir viðburðinn lýsir þessu ágætlega: „*Takk fyrir mig .skemmilegur dagur og vel skipulagt allt saman hjá ykkur sem að þessu stóðuð. Fékk frábærar móttökur í þessari fyrstu heimsókn minni í höfuðstöðvar IRA og gerði i leiðinni fín kaup. Takk fyrir það þið sem selduð*“

*mér þessi fínu tól. Sérstakar þakkir fá Jónas, Ari, Benni, Keli og Garðar fyrir þægilegt viðmót. Og bara þið allir félagar sem þarna voruð“.*

### **8. CQ TF, 3. tbl. kom út á heimasíðu 29. júní,**

Formaður, TF3JB kynnti og fór yfir útgáfu CQ TF (3. tbl. 2023) sem kom út á heimasíðu félagsins 29. júní sl. Hann þakkaði ritstjóra vel unnin störf. Stjórnarmenn höfðu það á orði, að forsíðumyndin væri dæmigerð fyrir góðan félagsanda.

Nýtt CQ TF, 3. tölublað 2023 kom út á heimasíðu félagsins fimmtudag 29. júní. Samkvæmt útgáfuáætlun átti blaðið að koma út sunnudag 2. júlí, en þar sem VHF/UHF leikum félagsins var flýtt um viku (til 30. júní til 2. júlí) var útgáfu blaðsins flýtt, enda voru uppfærðar reglur leikanna birtar í blaðinu.

Undirbúningur var hefðbundinn. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA ritstjóri setti tvær tilkynningar á heimasíðu og FB síður með ósk um efni frá félagsmönnum, annarsvegar 30. maí og hinsvegar 2. júní. Þá fundaði ritnefnd tvisvar, 23. maí og 19. júní. Blaðið var stórt að þessu sinni, alls 64 blaðsíður. Meðal efnis í blaðinu, auk greina frá ritstjóra og formanni:

- Félagsstarfið í apríl, maí og júní.
- Páskaleikar 2023, úrslit.
- Kaup á nýrri amatörstöð sumarið 2023.
- Frá 30 ára afmæli ÍRA árið 1976.
- Söfnun vegna kaupa á RF magnara fyrir TF3IRA árið 2013.
- Sviðstyrkur og klemmuspenna.
- Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2023/24.
- Heimsókn til Erlings Guðnasonar, TF3E.
- Endurvarpar, stafvarpar og radíóvitar 2023.
- Reglur VHF/UHF leikanna 2023.
- Reglur TF útileikanna 2023.
- Íslenskir radíóamatörar starfsárið 2023/24; fundargerðir stjórnar.
- Echolink virkjaður til prufu.
- Viðurkenningar radíóamatöra.
- Helstu DX keppnir 2023; júlí-september.
- QSL kort frá TF3BV, TF3SF, TF3KA og TF3TV.

Formaður kvaðst vilja þakka félagsmönnum fyrir innsent efni sem og ritstjóra og Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS sem setti blaðið upp af fagmennsku, vandvirkni og mikilli smekkvísi

### **9. Virkni félagsstöðvarinnar milli stjórnarfunda.**

Félagsstöðin TF3IRA var starfrækt í *VHF/UHF leikunum 2023* á tali og morsi frá Skeljanesi. Stöðin var QRV laugardag og sunnudag 1. og 2. júlí. Jónas Bjarnason, TF3JB virkjaði stöðina, en Jón Guðmundsson, TF3LM kom til aðstoðar sunnudag 2. júlí. Þakkir til Jóns fyrir góða aðstoð. Alls voru höfð 68 sambönd frá TF3IRA í leikunum.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð í *IARU HF World Championship leikunum 2023* á morsi frá Skeljanesi helgina 8. og 9. júlí. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði stöðina. Notuð voru þrjú bönd: 20, 15 og 10 metrar og var þetta frumraun á nýju Yagi loftneti félagsins fyrir 18-28 MHz, sem sett var upp í síðustu viku og kom glimrandi vel út. Heildarfjöldi sambanda var tæplega 1800; nettó fjöldi: 1772. Þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að virkja stöðina.

### **10. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2023.**

Formaður, TF3JB fór yfir breytingu á nafni á vetrardagskrá félagsins, sem breytist í *fræðsludagskrá ÍRA* tímabilið 5. október til 14. desember. Breytingin var samþykkt í stjórn og kynnt í starfsáætlun stjórnar sem var birt í 3. tbl. CQ TF.

Formaður skýrði frá því að vinna við nýja fræðsludagskrá væri hafin og miðað við 10 vikna tímabilið frá 5. október til 14. desember eru alls 11 fimmtudagar í boði, auk laugardaga og sunnudaga. Hugmyndin er, að byrja fimmtudaginn 5. október á afhendingu verðlauna og viðurkenninga í VHF/UHF leikunum 2023 og í TF útileikunum 2023. Síðan yrði dagskránni lokað fimmtudaginn 14. desember með hefðbundnu jólakaffi ÍRA (viðhafnarkaffi) sem jafnframt yrði síðasta opnunarkvöld ársins 2023.

Sigurður Harðarson, TF3WS ætlar að bjóða okkur að heimsækja fjarskiptasafn sitt, sem er vistað á Byggðasafninu í Skógum laugardaginn 14. október. Hugmyndin er að efna til hópferðar frá Skeljanesi og að Sigurður verði fararstjóri.

Formaður bað stjórnarmenn um ábendingar og tillögur um efni sem setja má inn á fræðsludagskrá haustsins, bæði hvað varðar fimmtudagserindi og hugmyndir um efni á laugardögum og/eða sunnudögum.

### **11. Viðtæki yfir netið.**

Formaður, TF3JB fór yfir rekstur KiwiSDR viðtækja sem eru rekin af tveimur einstaklingum, þeim Árna Helgasyni, TF4AH og Georg Kulp, TF3GZ með aðstoð Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A sem lánar lén til verkefnisins og aðstoðar í tæknilegum málum.

Til greina kemur að félagssjóður styrki reksturinn í formi greiðslu á mánaðarlegu gjaldi á 4G þjónustu, til að stuðla að því að tryggja rekstur viðtækjanna. Viðtækið á Galtastöðum í Flóa hefur verið tekið niður og er því ætlað að sinna hlutverki á nýjum stað. KiwiSDR tækið á Raufahöfn verður líka tekið niður og því fundin annar staður. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.

### **12. Önnur mál**

Farið var yfir gjafir sem félaginu hafa borist á milli stjórnarfunda.

- (a) 19. maí: Radíódót – frá TF1A.
- (b) 19. maí: Tveir sófastólar [vistaðir] í anddyri í Skeljanesi – frá NN.
- (c) 22. maí: Radíódót – frá TF3WS.
- (d) 1. júní: 8“ LCD Philips myndarammi [vistaður í sal] – frá TF1A.
- (e) 19. júní: Fjórir eikarstólar með rimlabaki og bólstraðri setu [vistaðir í sal] – frá NN.
- (f) 13. júlí: Radíólampar – frá TF3FG.

Stjórn ÍRA þakkar viðkomandi hugulsemina og góðar gjafir.

(g) Ritari, TF3GZ ræddi um endurvarpa félagsins, TF3RPA sem er staðsettur á Skálafelli. Hugmynd er um að taka hann niður og setja hann upp til reynslu á safninu við Garðskagavita. Samþykkt samhljóða að heimila flutninginn.

Formaður, TF3JB minnti á að félagið hafi góða reynslu af rekstri endurvarpa frá vitavarðarhúsinu Garðskaga, en endurvarpi félagsins (Kenwood), TF8RPH var settur þar upp 21. apríl 2012 og rekinn um eins árs skeið á tíðninni 145.725 MHz.

(h) Ritari, TF3GZ ræddi ennfremur um, að skipta þurfi um tíðni á endurvarpanum í Búrfelli (TF3RPE) þar sem truflanir eru á núverandi tíðni, 145.700 MHz. Stjórnarmenn voru sammála um að fela Georg að kanna með val á nýrri tíðni í samráði við Ara Þórólfs Jóhannesson, TF1A. Georg upplýsti jafnframt, að komið hafi til tals að prófa loftnetið sem er nú tengt við TF3RPA á Skálafelli við endurvarpanum TF3RÐE á Búrfelli þegar TF3RPA verður tekinn niður.

(i) Ritari, TF3GZ upplýsti, að DSTAR endurvarpinn í Bláfjöllum væri ekki virkur sem stendur og er til skýringar að hann hefur misst netsamband. Georg ætlar að hafa samband við Benedikt

Sveinsson, TF3T (sem starfar hjá Vodafone) um að athuga málið, en hann hefur áður verið félaginu til aðstoðar hvað varðar netþjónustu í Bláfjöllum.

**13. Næsti fundur stjórnar.**

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 14. september nk.

**14. Fundarslit**

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðan umræður og sleit fundi kl. 19:50.

Fundargerð ritaði  
Georg Kulp / TF3GZ  
ritari ÍRA



**Fundur  
1****Fundur  
2****Fundur  
3****Fundur  
4****Fundur  
5****Fundur  
6****Fundur  
7**

## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerð stjórnarfundar nr. 4 haldinn fimmtudag 14. september 2023 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður, TF1AM varaformaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3NH meðstjórni, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

### 1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:15. Meðfylgjandi tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

#### Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 3. fundi (frá 20. júlí 2023).
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

17.7.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Upplýsingar um lokafrest til skráningar á ráðstefnu svæðisins 1.-4. nóvember í Zlatibor í Serbíu.  
18.7.2023...Erindi frá: ZRS um nýtt heimilisfang á QSL stofu S5. Upplýsingar framsendar á QSL stjórn ÍRA.  
29.7.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1 um boð á 19. heimskeppni (HST) í viðtöku á hraðsendu morsi í Búlgaríu 9.-13. september 2023.  
01.8.2023...Erindi frá: Franz, OE5FSM sem þakkar móttökur í Skeljanesi 6. júlí og býðst til að ÖVSV sendi tímarit sitt QSP reglulega til ÍRA.  
01.8.2023...Erindi til: OE5FSM þakkað fyrir góða heimsókn og þakkað fyrir að láta senda tímarit ÖVSV, QSP sent fyrir félagsmenn ÍRA.  
02.8.2023...Erindi frá: Ralf, HB9GKR sem er staddur á landinu ásamt XYL og langar að koma í heimsókn í Skeljanes.  
02.8.2023...Erindi til: HB9GKR. Ralf boðinn velkominn í Skeljanes ásamt XYL.  
03.8.2023...Erindi frá: David, F4FKT. Hann langar til að koma í heimsókn í Skeljanes einhvern fimmtudag sem hann er á landinu í ágúst.  
03.8.2023...Erindi til: F4FKT. David boðinn velkominn í Skeljanes.  
04.8.2023...Erindi frá: Boð frá DK6SP ungmennafulltrúa IARU Svæðis 1 til ÍRA á setningu 11. sumarboða svæðisins í Gor í Ungverjalandi 2023.  
10.8.2023...Erindi frá: Greg, KA9VDU. Hann spyr um CEPT leyfis m.t.t. heimsóknar hans til landsins í septembermánuði.  
10.8.2023...Erindi til: KA9VDU. Málið skýrt og einnig vísað á enskan hluta heimasíðu félagsins þar sem fjallað er um þessi mál.  
11.8.2023...Erindi frá: David, G8SNR. Hann spyr um gildandi bandplan fyrir TF þar sem hann mun heimsækja landið síðar á árinu.  
11.8.2023...Erindi til: G8SNR. David svarað með að sama bandskipulag sé í gildi fyrir TF og önnur lönd í IARU Svæði 1.  
14.8.2023...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Tilkypping um ársskýrslu stofnunarinnar 2022 með vefslóð á pdf-form skýrslunnar á vefnum.  
15.8.2023...Erindi frá: Wes, NA1ME. Hann þakkar móttökur í Skeljanesi þann 8. september í fyrra (2022). Hann skrifaði bréfið á íslensku!  
15.8.2023...Erindi til: N11ME. Erindið þakkað og honum hrósað á íslensku fyrir ágætt bréf og hann boðinn velkominn í heimsókn aftur.  
15.8.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Viðbótarsending með gögnum fyrir ráðstefnu svæðisins í nóvember n.k.  
29.8.2023...Erindi frá: Ninu, DL2GRC. Hún segir frá skemmtilegri dvöl á TF í sumar og spyr um opnun félagsaðstöðunnar.  
29.8.2023...Erindi til: DL2GRC. Erindið þakkað og skýrt frá að opnunartíminn sé enn á fimmtudögum (en hún heimsótti Skeljanes árið 2019).  
03.9.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Sending með gögnum fyrir ráðstefnuna 2023 m.a. skýrsla um fjármál og kjör embættismanna.  
Orðsendingar formanns til stjórnarmanna á milli stjórnarfunda frá 20.7. til 14.9.2023:  
Júlí...Nr. 90-91-92-93-94 (5 sendingar).  
Ágúst...Nr. 95-96-97-98-99-100-101-102-103-104-105-106-107-108-109-110-111-112-113-114-115-116-117-118-119 (25 sendingar).  
September...Nr. 120-121-122-123-124-125 (6 sendingar).

4. Staða félagssjóðs og innheimta félagsgjalda ársins – Skýrsla gjaldkera.
5. Loftnetamál TF3IRA; verkefni á milli stjórnarfunda – Stöðuskýrsla dags. 14.sept.
6. Námskeið ÍRA til amatörprófs 25. september til 7. nóvember – Stöðuskýrsla dags. 14. sept.
7. Fræðsludagskrá ÍRA haustið 2023 – 5. október til 14. desember.
8. CQ TF, 4. tbl. kemur út á heimasíðu 1. október – Stöðuskýrsla ritstjóra 14. september.
9. Virkni félagsstöðvarinnar milli stjórnarfunda; RSGB IOTA keppnin 29.-30. júlí og TF útileikar 5.-7. ágúst.
10. Viðtæki yfir netið.
11. Önnur mál.
  - (a) Boð TF1A til félagssjóðs um kaup á notuðu RigExpert AA-1400 mælitæki.
  - (b) RF magnari félagsstöðvarinnar viðgerður og skilað í Skeljanes 31. ágúst.
  - (c) Kaup á Alpha Delta, Model 4B loftnetaskiptara fyrir félagsstöð ÍRA.
  - (d) EchoLink hjónusta fyrir félagsmenn.
  - (e) Þakkir til TF3JON.
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

## 2. Fundargerð lögð fram frá 3. fundi (frá 20. júlí 2023)

Fundargerðin samþykkt einróma

## 3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi. Engar athugasemdir voru gerðar.

## 4. Staða félagssjóðs og innheimta 2023 – skýrsla gjaldkera.

Samkvæmt upplýsingum frá gjaldkera eru 163 félagsmenn búnir að greiða félagsgjaldið, en 17 hafa ekki greitt. Innistæða á bankareikningi er 2.077.478 krónur. Gjaldkeri hefur sent ítrekun (áminningu) á þá aðila sem eftir eru að greiða félagsgjald.

## 5. Loftnetamál TF3IRA – stöðuskýrsla formanns dags. 14. sept.

Unnið var að fjórum loftnetaverkefnum á milli stjórnafundu; frá 20. júlí og 14. september:

- OptiBeam 20 m. Yagi netið lagfært: Skipt út „skotti“ og stagvírur og festingum sem ganga út á bómuna.
- Nýtt HyEndCompany 80/40 m. endafætt virfloftnet sett upp og tengt.
- Nýtt New-Tronics Hustler 6BTV stangarnet fyrir 80, 40, 30, 20, 15 og 10 m. sett upp og tengt.
- Nýtt LNB og „IceConeFEED v2“ sett í trjónuna á diskloftneti vegna gervihnattafjarskipta.

**OptiBeam 20 m. Yagi loftnet** (26. júlí). Skipt var út „skotti“ frá „hardline“ kaplinum sem fæðir OptiBeam Yagi loftnetið á 20 metrum. Georg, TF3GZ hafði útbúið nýtt skott. Einnig var skipt út millistykki úr „N“ yfir í „PL“ tengi fyrir RG-210 kapalinn. Stögin sem ganga út á bómuna voru einnig endurnýjuð og annaðist Sigurður, TF3CW innkaup á vír og ryðfríum strekkjurum. Allt kom frábærlega vel út; standbylgja: 1,14. Georg Kulp, TF3GZ og Sigurður R. Jakobsson, TF3CW önnuðust verkefnið.

**HyEndCompany 80/40 m. loftnet** (26. júlí). Endafætt loftnet frá HyEndCompany fyrir 80/40 metra böndin sem keypt var nýtt í maí 2019 var fest á sama rör og 160 m. loftnetið, en neðar. Nýja netið er 40 metra langt, endafætt og er fest á móti út í nýja turninn, fyrir neðan rótor. Bæði böndin komu vel út, á 80 m. var standbylgja 1,69 og á 40 m. 1,05. Georg Kulp, TF3GZ og Sigurður R. Jakobsson, TF3CW önnuðust verkefnið.

**New Tronics Hustler 6BTV stangarnet f. 80, 40, 30, 20, 15 og 10 metra** (15., 16. og 24. ágúst). Fyrri dagarnir tveir voru til undirbúnings – en nýja netið var reist 24. ágúst. Loftnetið kom vel út og í takt við handbók, standbylgja var 1.1-1.2 í resónans á 10, 15, 20 og 40 metrum, en of há á 30 metrum (2.5) og alltof há á 80 metrum. Stefnt er að því að ljúka stillingu á þessum tveimur böndum fljótlega. Festing sem Georg Magnússon, TF2LL smíðaði árið 2019 var í góðu lagi og var notuð áfram. Einnig fæðilína og stagefni sem allt var í lagi – en settir voru nýir strekkjarar úr ryðfríu stáli á hvert stag. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Sigurður R. Jakobsson, TF3CW önnuðust verkefnið.

**LNB og „IceConeFEED v2“ sett á diskloftnet** (22. ágúst). Skipt var út LNB á diskloftnetinu fyrir QO-100 gervitunglið sem keypt var til landsins 2. júní s.l. og sett þar utanum „IceConeFeed v2“ sem keypt var til landsins 4. október (2022). Hvorutveggja var komið fyrir á sinn stað í trjónunni á disknetinu og gekk verkefnið að óskum. Georg Kulp, TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A önnuðust verkefnið.

Stjórn samþykkti sérstakar þakkir til þeirra Georgs Kulp, TF3GZ, Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW, Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA og Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir frábært vinnuframlag í þágu félagsins.

## 6. Námskeið ÍRA til amatørprófs 25.9.-7.11. – Stöðuskýrsla formanns dags. 14. september.

Haustrnámskeið ÍRA til amatørprófs verður haldið 25. september til 7. nóvember n.k. í kennslustofu M-117 í Háskólanum í Reykjavík. Miðað er við próf Fjarskiptastofu til amatørleyfis laugardag 11. nóvember.

Skipulag námskeiðs er klárt og var síðast yfirfarið með Vilhjálmi Þ. Kjartanssyni, TF3DX þann 28. ágúst, en Vilhjálmur hefur veitt dýrmæta aðstoð við allan undirbúning.

Sérstök kynningar- og upplýsingabréf voru sent í tölvupósti til kennara og nemenda, fyrst 18. júní og aftur 1. september. Í bréfum til beggja var skýrt frá fyrirkomulagi, auk þess sem kennurum var boðið að láta vita ef óskir væru um að fjölfalda efni fyrir kennslu, sem ekki hefur verið notað fyrr. Svipuð skilaboð eru send til nemenda, en þar er m.a. sagt frá eindaga fyrir greiðslu námskeiðsgjalds, kr. 22.500 sem færður var til 19. september. Í bréfum til beggja var lögð áhersla á að sjálfsagt sé að leita til umsjónarmanns (TF3JB) ef eitthvað er óljóst eða ef spurningar vakna. Bæði er gefið upp tölvupóstfang og GSM númer umsjónarmanns, auk tölvupóstfangs félagsins, [ira@ira.is](mailto:ira@ira.is) Stjórn samþykkti sérstakar þakkir til Prófnefndar ÍRA, til þeirra tíu leiðbeinenda sem koma að kennslu á námskeiðinu og til umsjónarmanns.

Skráðir nemendur eru alls 29. Flestir eru búsettir á stór-Reykjavíkursvæðinu, eða 80%, þ.e. í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Álftanesi, Mosfellsbæ, Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ. Hinn hlutinn, 20% er búsettur á Akranesi (2), í Þorlákshöfn (1), á Akureyri (1) og í Þýskalandi (1). Allir eru karlar.

### **7. Fræðsludagskrá ÍRA haustið 2023; 5. október til 14. desember.**

Formaður, TF3JB kynnti glæsilega fræðsludagskrá ÍRA að hausti, fyrir tímabilið 5. október til 14. Desember n.k.

Alls er 21 viðburður í boði. Byrjað verður á afhendingu verðlauna í VHF/UHF leikunum og TF útileikunum fimmtudaginn 5. október. Síðan verða 6 fimmtudagserindi, 4 laugardagsopnanir og 4 sunnudagsopnanir, auk þess sem hópferð verður farin á Fjarsskipasafn Sigga Harðar [TF3WS] að Skógum laugardaginn 14. október. Þá fellur flóamarkaður félagsins að hausti inn í dagskrána sunnudaginn 22. október og félagsfundur fimmtudaginn 9. nóvember. Tveir fimmtudagar eru teknir frá fyrir opið hús. Síðast, en ekki síst verður árið endað með jólakaffi ÍRA, viðhafnarkaffi fimmtudaginn 14. desember sem jafnframt verður síðasti opnunardagur félagsaðstöðunnar á árinu 2023. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með nýju fræðsludagskrána.

### **8. CQ TF, 4. tbl. kemur út á heimasíðu 1. október – Stöðuskýrsla ritstjóra.**

TF3UA, ritstjóri fór yfir efni sem borist hefur til birtingar í 4. tölublaði CQ TF 2023. Hann nefndi m.a. að ritnefnd hafi hist 30. ágúst s.l. á fundi til undirbúnings útgáfunni. Þar var m.a. gerð samþykkt um ljósmynd á forsíðu og um birtingu töflu með nýrri fræðsludagskrá í október-desember á baksíðu.

Tvennt verður fyrirferðarmest í nýja blaðinu, þ.e. félagsstarfið og grein um kaup á HF magnara haustið 2023. Annað efni sem ljóst er að verður í blaðinu (auk ávarps ritstjóra og formanns) er m.a.:

- Páskaleikar ÍRA 2023, úrslit.
- TF útileikar ÍRA 2023, úrslit.
- Heimsókn til TF7DHP á Akureyri.
- Bókahorn ÍRA.
- Viðurkenningar radíóamatöra.
- ÍRA; starfstímabilið 2023/24 (stjórnarfundargerðir nr. 2 og 3 starfsárið 2023/24).
- Helstu DX keppnir í október 2023 til janúar 2024.
- Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2023.

Sæmundur gat þess að lokum að þetta yrði síðasta félagsblað ársins 2023 en 1. tölublað 2024 á áætlan 20. janúar n.k. Stjórnarmenn þökkðu ritstjóra og ritnefnd góð störf.

### **9. Virkni félagsstöðvarinnar milli stjórnarfunda; RSGB IOTA keppnin í júlí og TF útileikar í ágúst.**

Formaður, TF3JB skýrði frá því að félagsstöðin hafi verið virkjuð í tveimur fjarsskiptaviðburðum á milli stjórnarfunda nr. 3 og 4. Annars vegar í RSGB IOTA keppninni 29.-30. júlí og hins vegar í TF útileikunum 5.-7. ágúst. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði TF3W á morsi í IOTA keppninni og Jónas Bjarnason, TF3JB virkjaði TF3IRA á morsi og tali í útileikunum.

**RSGB IOTA keppnin.** TF3W var QRV á morsi á öllum böndum í RSGB IOTA keppninni sem hófst á hádegi laugardag 29. júlí og lauk á hádegi sunnudag 30. júlí. Keppt var á öllum böndum [keppninnar], þ.e. 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Þetta var frumraun á nýju endafæddu 40 m. löngu vírloftneti félagsins fyrir 80 og 40 metra böndin, sem sett var upp 26. júlí og kom glimrandi vel út. Heildarfjöldi sambanda var 1527 og niðurstaða var 1.770.040 heildarpunktur.

**TF útileikarnir 2023.** TF3IRA var QRV á öllum böndum [160-40 metrum] í TF útileikunum 2023. Fyrirkomulag var þannig, að þar sem IC-7610 stöðin hefur tvö loftnetsúttök, var 160 metra loftnet tengt í það fyrra og sambyggða loftnetið fyrir 80 og 40 metra í það síðara. IC-7300 stöðin hefur eitt loftnetsúttak sem var tengt við Hustler 5-BTV stangarnetið í gegnum TEN-TEC Model 238B loftnetsaðlögunarrás félagsins þar sem stangarloftnetið er ekki útbúið fyrir það band.

Skilyrði voru alls ekki góð fyrri daginn (laugardag). Samt höfðu náðst 15 sambönd þegar gefist var upp kl. 13:45 og stöð lokað. Stöðin var á ný QRV kl. 09 að morgni sunnudagsins og þá var allt í fullum gangi á böndunum og var QSO fjöldi kominn yfir 30 um hádegisleytið. Alls voru höfð 49 sambönd; öll á tali nema 1, sem var á morsi.

Þetta var í raun í fyrsta skipti sem 160 metra loftnetið var prófað [á því bandi] en það var notað á 80 metrum í síðustu páskaleikum. Það var því mjög ánægjulegt hve vel það kom út – engin standbylgja og náðust sambönd við allar stöðvar sem kallað var í. Nýja sambyggða 80/40 metra loftnetið var líka prófað í fyrsta skipti innanlands. Sömu sögu var að segja um það – standbylgjulaust á báðum böndum og sambönd náðust við allar stöðvar sem kallað var í.

Stjórn samþykkti þakkir til þeirra Sigurðar, TF3CW og Jónasar, TF3JB fyrir þátttöku í þessum tveimur viðburðum frá félagsstöðinni.

## 10. Viðtæki yfir netið.

Málið var til áframhaldandi umfjöllunar frá síðasta fundi. Samþykkt samhljóða að félagssjóður greiði fyrir netkostnað vegna rekstrar viðtækja yfir netið, þ.e. 4G þjónustu fyrir KiwiSDR viðtækin yfir netið sem eru staðsett á Bjargtöngum. Rekstraraðilar eru Árni Helgason, TF4AH og Georg Kulp, TF3GZ.

Rekstarkostnaður fyrir hvert viðtæki nemur 48 þúsund krónum á ársgrundvelli. Þessi stuðningur hefst frá og með 1. október 2023. Fram kom, að þriðja viðtækið yfir netið verður sett upp á næstunni á Reykjanesi (í stað þess sem tekið var niður á Raufarhöfn). Væntanlegur netkostnaður vegna þess viðtækis fellur undir þessa samþykkt. Georg, TF3GZ tók að sér að fá reikningsnúmer hjá Árna, TF4AH og mun koma upplýsingunum til gjaldkera.

*Sérstök bókun stjórnar ÍRA:* Það er vaskur hópur félaga sem leggja metnað í að halda viðtækjum yfir netið í gangi (svo ekki sé talað um tíma og fjármuni). Þetta eru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ, Karl Georg Karlsson TF3CZ og Árni Helgason TF4AH.

Stjórn ÍRA metur þetta framlag rekstraraðila viðtækja yfir netið mikils og þakkar þessum félagsmönnum dugnað og elju við að sinna verkefninu sem er mikilvægt fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem áhuga hafa á útbreiðslu radióbylgna.

## 11. Önnur mál.

### (a) Boð TF1A til félagssjóðs um kaup á notuðu RigExpert AA-1400 mælitæki.

Nokkrar umræður urðu um boð Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A til ÍRA (dags. 12. ágúst) um kaup á RigExpert AA-1400 loftnetsmæli. Ekki var sérstök fjárhæð sett á tækið frá hendi bjóðanda, en óskað eftir tilboði. Fram kom að umrætt tæki er notað og ekki lengur í framleiðslu. Samþykkt að bjóða 50 þúsund krónur í tækið. Georg Kulp, TF3GZ tók að sér að hafa samband við Ara Þórólf, TF1A.

**(b) RF magnari félagsstöðvarinnar er viðgerður og var skilað í Skeljanes 31. ágúst.**

Mikil ánægja var meðal stjórnarmanna hve vel tókst til með viðgerð á aflgjafa RF magnara félagsins; Yaesu Quadra System. Samþykktar voru sérstakar þakkir til þeirra Hans Konrads Kristjánssonar, TF3FG, Erlings Guðnasonar, TF3E og Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir framúrskarandi framlag í þágu félagsins.

**(c) Kaup á Alpha Delta, Model 4B loftnetaskiptara fyrir félagsstöð ÍRA.**

Keyptur var Delta 4B fjórfaldur loftnetaskiptir með „surge protection“ fyrir félagsstöðina frá DxEngineering þann 11. ágúst s.l. Samþykkt var formlega heimild fyrir kaupunum á fundinum. Skiptirinn kostaði \$114 í innkaupi eða um 19 þúsund krónur með gjöldum. Flutningsgjald er frítt fyrir félagsgjöld þar sem skiptarinn var hluti af pöntun TF3JB frá Bandaríkjunum. Loftnetaskiptirinn var tengdur í fjarskiptaherbergi TF3IRA 17. ágúst s.l. og líkar vel.

**(d) EchoLink þjónusta fyrir félagsmenn.**

Ritari, TF3GZ kynnti hugmynd þess efnis, að félagið kaupi stöð fyrir VHF/UHF sem hafi „bluetooth“ möguleika og verði notuð af félaginu við uppsetningu EchoLink þjónustu yfir netið og á 2 metra, sem verði tengd um TF3RPB VHF endurvarpann í Bláfjöllum.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A virkjaði Echolink til prufu þann 22. apríl s.l. Forritið vinnur í gegnum TF3RPB endurvarpann og er á FM mótun. Með því að sækja forrit á heimasíðu Echolink: <https://www.echolink.org/> er hægt að fá afnot af Echolink „appi“ og ná inn á endurvarpann í Bláfjöllum yfir netið, t.d. í gegnum heimatölvu eða GSM síma. Félagsmenn utan Reykjavíkursvæðisins komast þannig í samband við félagana á Reykjavíkursvæðinu og víðar á tveggja metra bandinu.

Fjarskiptin fara í dag í gegnum nettengda heimatölvu Ara Þórólfs – og eins og fram kom í nýjasta hefti CQ TF (3. tbl. 2023) sagðist hann ekki viss um hvort þetta yrði virkt með núverandi uppsetningu til framtíðar, þar sem hann legði til eigin heimatölvu og uppsetningin gerði 2 metra bandið óvirkt hjá honum. Þess má geta til fróðleiks, að Þór Þórisson, TF1GW setti fyrstur upp Echolink gátt hér á landi árið 2006 sem var meira og minna virk til ársins 2012.

Fram kom í máli Georgs, að TF1A hefur stöð til sölu sem hentar, það er VGC VR-N7500, 50W VHF/UHF stöð – sem hann kynnti fyrir félagsmönnum í Skeljanesi 23. janúar 2020, en stöðin var þá ný á markaði. Þetta er „andlitslaus“ stöð sem er stýrt frá snjallsíma (með „bluetooth“) eða Android spjaldtölvu og er forrituð þráðlaust. Nýjasta útgáfa kostar í dag 39 þúsund krónur komin til landsins með öllum gjöldum [á AliExpress]. Georg nefndi, að best væri að staðsetja búnaðinn í læstum skáp í fjarskiptaherbergi IRA í Skeljanesi.

Fram kom m.a. í umræðum, að Heimir Konráðsson, TF1EIN býður fram aflgjafa til verkefnisins og að félagið hefur yfir að ráða ónotuðu VHF/UHF húsloftneti og tölvu sem getur gagnast verkefninu. Samþykkt að ÍRA stefni að rekstri búnaðar fyrir EchoLink þjónustu fyrir félagsmenn og heimild veitt fyrir kaupum á nauðsynlegum búnaði. Georg, TF3GZ kannar með verð á umræddri VHF/UHF stöð.

**(e) Þakkir til TF3JON.**

Stjórn samþykkti þakkir til Jóns Svavarssonar, TF3JON sem mætti í Skeljanes skömmu fyrir kl. 18:00 (áður en fundur var settur) og tók árlega ljósmynd af stjórn félagsins starfsárið 2023/2024.

**13. Næsti fundur stjórnar.**

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn 19. október kl. 17:30.

**14. Fundarslit**

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:40.

Fundargerð ritaði  
Georg Kulp / TF3GZ  
ritari ÍRA



## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerð stjórnarfundar nr. 5 haldinn fimmtudag 19. október 2023 kl. 17:30 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF1AM varaformaður boðaði forföll. Sérstakur gestur fundarins var Benedikt Guðnason, TF3TNT.

### 1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 17:30. Meðfylgjandi tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

#### Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 4. fundi stjórnarinnar (frá 14. september 2023).
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

06.09.2023...Erindi frá: Ritara URA. Tilkynning um að spænskir leyfishafar hafi fengið aðgang að 8 metra bandinu.  
 13.09.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Tímasetning dagskrár ráðstefnu svæðisins 1.-4. nóvember n.k.  
 17.09.2023...Erindi frá: Formanni starfshóps um neyðarfjarskipti innan IARU Svæðis 1. Dagskrá sérfundar á ráðstefnu IARU Svæðis 1.  
 24.09.2023...Erindi frá: Gregr Zier, KA9VDU. Langar til að heimsækja ÍRA í ferð hans og XYL til Íslands.  
 24.09.2023...Erindi til: Gregr, KA9VDU. Gregr og XYL boðin velkomin í Skeljanesi.  
 03.10.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Vefslóðir á ýmsa fundi á ráðstefnu svæðisins 1.-4. nóvember 2023.  
 03.10.2023...Erindi frá: Y. Patil, VU2YOR formanni Mount Abu International HAM Radio Club. Efni: Request for Partnership/ Affiliation with MHRC.  
 03.10.2023...Erindi til: VU2YOR. Eftirfarandi sent: „We are not familiar with this procedure. Can you kindly explain?“  
 08.10.2023...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1. Vefslóðir á margskonar gögn sem varða ráðstefnu svæðisins 1.-4. nóvember 2023.  
 09.10.2023...Erindi frá: Efni: „You're invited to Projects Monitoring and Evaluation (16 October 2023)“. Erindi ekki svarað.  
 13.10.2023...Erindi frá: Fjarskiptastofnun. Umsókn Komel Chorazyczewski, SPØKC um íslenskt kallmerki. Er búsettur á Selfossi.  
 13.10.2023...Erindi til: Fjarskiptastofnunar. Samþykkt að mæla með útgáfu N-leyfis og útgáfu kallmerkisins TF1KC.  
 15.10.2023...Erindi til: „Hello again VU2OR. Please explain why we should have a partnership?“  
 September 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda: 126-127-128-129-130-131-132-133-134-135-136-137-138-139-140.  
 Október 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda: 141-142-143-144-145-146-147-148-149-150 og 151.

4. Staða félagssjóðs og innheimta ársins – Skýrsla gjaldkera.
5. Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2023 er hálfnað – Stöðuskýrsla dags. 19. okt.
6. Loftnetamál TF3IRA; verkefni á milli stjórnarfunda – Stöðuskýrsla dags. 19. október.
7. Gestur fundarins: Benedikt Guðnason, TF3TNT.
8. Fræðsludagskrá ÍRA haustið 2023 – Stöðuskýrsla dags. 19. október.
9. CQ TF, 4. tbl. 2023 kom út á heimasíðu 1. október.  
(a) Sent á Norðurlandafélögin 7. október; (b) blaðið sótt í prentun 16. október; (c) póstlagt 17. október.
10. Húsnæðið í Skeljanesi; stöðuskýrsla dags. 19. október.
11. Virkni félagsstöðvarinnar milli stjórnarfunda.  
(a) TF3IRA í SAC CW keppinni 2023 16.-17. september og í SAC SSB keppinni 2023 14.-15. október.
12. Viðtæki yfir netið – Stöðuskýrsla dags. 19. október.
13. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2024: Sunnudag 10. mars kl. 13:00.
14. Önnur mál.  
(a) Boð TF1A til ÍRA um kaup á notuðu RigExpert AA-1400 mælitæki og samþykkt stjórnar frá 14.9.2023.  
(b) Gjöf til ÍRA; 28. september; útidyramottur (2 stk.); gefandi NN.  
(c) Gjöf til ÍRA; 5. október; radiódót; gefandi: TF3WS.  
(d) Gjöf til ÍRA; 12. október; Furuno gervihnattalofnet (3 stk.); gefandi Samherji Akureyri.
15. Ákvörðun um dagsetningu næsta fundar.
16. Fundarslit.

## 2. Fundargerð lögð fram frá 4. fundi (frá 14. september 2023)

Fundargerðin samþykkt einróma

## 3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi. Engar athugasemdir voru gerðar.

## 4. Staða félagssjóðs og innheimta 2023 – skýrsla gjaldkera.

Samkvæmt upplýsingum frá gjaldkera eiga 14-15 eftir að greiða félagsgjald. Innistæða á bankareikningi er 2.018.568 krónur.

## 5. Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2023 er hálfnað.

Formaður, TF3JB kynnti skýrslu sína til stjórnar. Námskeiðið verður brátt hálfnað og hefur gengið þrýðilega. Fyrirkomulag er þannig, að umsjónarmaður (TF3JB) mætir í fyrsta tíma við upphaf hvers kennsludags með vefmyndavél félagsins, tengir hana og gerir búnað kláran í samráði við kennara. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, en kennarar eru misvanir útsendingu yfir netið. Jón Björnsson, TF3PW hefur liðsinnt umsjónarmanni og aðstoðað hann við læra á tengingar og tölvubúnaðinn í HR.

Aðeins hefur borið á afföllum í kennaraliðinu og einnig hvað varðar fjölda nemenda. Henry Arnar Hálfmánarson, TF3HRY gat ekki verið með okkur að þessu sinni vegna vinnu. Kristinn Andersen, TF3KX hljóp í skarðið þannig að ekki þurfti að fella niður kennslu. Þá hefur nemendum fækkað um þrjá, þ.e. úr 31 í 28.

Verkefnið var undirbúið m.a. með því að senda upplýsingar til kennara og nemenda. Þrjú tölvupóstar hafa verið sendir á kennara hingað til: 18. júní / 1. september / og 23. september. Nemendur hafa fengið fleiri pósta: 18. júní / 1. og 22. september / og 1. 4. og 10. október. Þetta frumkvæði að senda tölvupósta til aðila hefur haft góð áhrif. Þar fyrir utan hafa farið fram símtöl (þegar það hefur þurft), auk þess sem menn hafa mætt í Skeljanes og rætt málefni námskeiðsins þar.

## 6. Loftnetamál TF3IRA; verkefni á milli stjórnarfunda.

Unnið var að þremur loftnetaverkefnum á milli 4. og 5. stjórnarfundar 2023; til 19. október:

- New-Tronics Hustler 6BTV stangarloftnet; ástandsskoðun eftir fyrstu haustlægdina.
- HyEndCoplay 80/40 m. endafætt vírloftnet; loftnetið sett upp á ný eftir að hafa slitnað niður.
- Furuno Model KU-100 mótordrífir gervihnattadiskar fluttir í Skeljanes.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW gerði ferð í Skeljanes 6. september til að skoða ástand stangarnetsins í kjölfar fyrstu haustlæðarinnar. Aðeins hafði slaknað hafi á einu stagi sem var lagfært

Það uppgötvaðist síðan 16. september að endafædda 40/80 metra loftnetið sem sett var upp 26. júlí s.l. var fallið til jarðar. Farið var út í port þótt vart væri stætt vegna veðurs og var loftnetið gert upp og fest upp við skúrinn sunnanmegin við húsið. Loftnetið sjálft var óskemmt. Fimm dögum síðar (21. september) hittust TF3GZ og TF3JB í Skeljanesi til að koma loftnetinu aftur upp. TF3GZ hafði keypt nýtt band, króka og talíu og var nú gengið eins frá endanum og hann gerði þegar 160 metra loftnetið var sett upp í fyrra (2022). Að auki var sett sérstök teygja (eins og t.d. er notuð er þegar farangur er strekktur yfir farangursgrind á bílum) til að tryggja að vírinn þoli hreyfingar nýja turnsins í verstu veðrum. Laust fyrir kl. 15 sama dag var 80/40 metra loftnet TF3IRA aftur komið upp.

Þann 12. október sóttu TF3NH og TF3GZ þrjú mótordrífna Furuno Model KU-100 gervihnattadiska [í kúlum] á geymslustað úti á Granda, sem Njáll hafði útvegaði að gjöf frá Samverja á Akureyri, í félagi við TF8KD. Tveir diskanna eru í góðu lagi en sá þriðji er eitthvað bilaður og er það hugmynd Njáls að eiga hann til góða í varahluti. Njáll hafði fært í hús í Skeljanesi tvo sérhæfða stjórnkassa fyrir diskana þann 1. september s.l. og eru báðir í fullkomnu lagi.

## 7. Gestur fundarins: Benedikt Guðnason, TF3TNT.

Formaður, TF3JB bauð Benedikt Guðnason, TF3TNT velkominn á fundinn. Hann gat þess að borist hafi tölvupóstur til félagsins frá Benedikt daginn áður (18. október): „Ég óska hér með eftir áheyrn á stjórnarfundum ÍRA næstkomandi fimmtudag 19. okt. 2023. Erindið er stutt og varðar VHF/UHF og endurvarpamál. Benedikt Guðnason, TF3TNT“. Að svo mæltu gaf hann Benedikt orðið.

Benedikt þakkaði fyrir það tækifæri að hitta stjórn félagsins og sagðist færa þær fréttir, að fyrirtæki hans, Radio sf., hafi keypt alla endurvarpa og radióvita TF3ML heitins af dánarbúinu. Um er að ræða:

- TF1RPB í Bláfjöllum;
- TF3RPK á Skálafelli (samtengdur með UHF hlekk við TF2RPJ og TF3RPB);
- TF2RPJ á Mýrum; og
- TF3RPI í Bláfjöllum (DSTAR endurvarpi á 70cm); og 430 MHz UHF hlekkur í Skálafelli við endurvarpana í Bláfjöllum og á Mýrum.
- Ennfremur radióvitar á 4M og 6M á Mýrum.

Benedikt sagði að þessi kaup hefðu ekki í för með sér neinar breytingar; hans hugsun væri að byggja endurvarpakerfið frekar upp út um landið. Hann sagðist vilja leita til félagsins með áframhaldandi góða samvinnu eins og Ólafur [TF3ML] heitinn hafi notið. Fram kom, að hann á t.d. þrjá nýja ICOM VHF endurvarpa á lager sem hann hugsar sér að setja upp á nýjum stöðum.

Ritari, TF3GZ gerði athugasemd þess efnis Ólafur heitinn hafi ekki átt margt aukahluta sem tengdir eru við endurvarpana, s.s. loftnet, „cavity“ síur, aflgjafa o.fl. og að yfirleitt hafi aðkoma Óla eingöngu verið að leggja út fé fyrir endurvörpunum. Félagsmenn ÍRA hafi síðan tekið við – útvegað loftnet og annast uppsetningu, þ.m.t. forritun og viðhald í sjálfboðavinnu og á eigin kostnað. Benedikt sagðist gera sér grein fyrir því – en í hans huga væri málið að líta fram á við og bæta og efla kerfið um allt land.

Formaður, TF3JB þakkaði Benedikt að lokum fyrir að hafa „bjargað“ endurvörpunum og radióvitunum, sem allt eins hefðu geta farið „tvíst og bast“ og sagðist fagna þeirri framtíðarsýn sem hann hafi kynnt fyrir stjórnarmönnum.

Samþykkt var að Benedikt fái tækifæri til að kynna þessa framtíðarsýn í Skeljanesi fimmtudag 23. nóvember n.k. Það verði auglýst með góðum fyrirvara.

Benedikt kynnti jafnframt, að nokkuð af amatörtækjum og búnaði væri óselt hjá dánarbúinu. Um er að ræða m.a. Icom IC-7300 og IC-9700 stöðvar og RF magnara frá Amplitec fyrir 2, 4 og 6 metra böndin. Mögnurum fylgja aukalampar. Hann mun kanna áhuga hjá lögfræðingum dánarbúsins með að hann bjóði þessi tæki upp á flóamarkaði félagsins 19. nóvember n.k.

## 8. Fræðsludagskrá ÍRA haustið 2023.

Formaður, TF3JB kynnti skýrslu sína til stjórnar. Alls er um að ræða 21 viðburð á tímabilinu október-desember. Byrjað var á afhendingu verðlauna og viðurkenninga í VHF/UHF leikunum og TF útileikunum þann 5. október. Á tímabilinu verða alls 6 fimmtudagserindi, 4 laugardagsopnanir og 4 sunnudagsopnanir, auk hópferðar á FjarSKIPASAFN Sigga Harðar [TF3WS] að Skógum laugardaginn 14. október. Þá fellur flóamarkaður félagsins að hausti inn í dagskrána sunnudaginn 19. nóvember og félagsfundur fimmtudaginn 9. nóvember. Tveir fimmtudagar eru teknir frá fyrir opið hús. Síðast, en ekki síst endar dagskráin á jólakaffi ÍRA, viðhafnarkaffi fimmtudaginn 14. desember sem jafnframt verður síðasti opnunardagur félagsaðstöðunnar á árinu 2023. Fram kom m.a. að stjórnarmenn eru ánægðir með fræðsludagskrána.

## 9. CQ TF, 4. tbl. 2023 kom út á heimasíðu 1. október

CQ TF, 4. tölublað 2023 kom út á heimasíðu og FB síðum þann 1. október. Síðasta tölublað starfsársins 2023/24 er væntanlegt 24. janúar 2024.



Þetta er stærsta blað félagsins [líklega] frá upphafi – alls 72 blaðsíður, eða a.m.k. frá því hafið var að gefa blaðið út á ný eftir aðalfund 2018, en þá hafði útgáfa CQ TF fallið niður í fimm ár (frá árinu 2013).

Alls á a.m.k. 21 félagsmaður efni og ljósmyndir í þessu blaði. Þar af barst efni frá 13 félögum:

- Andrés Þórarinnsson, TF1AM (efni á bls. 58).
- Anna Henriksdóttir, TF3VA (efni á bls. 57 og myndir).
- Brynjólfur Jónsson, TF5B (efni á bls. 65 og myndir).
- Einar Kjartansson, TF3EK (efni á bls. 34 og myndir).
- Georg Kulp, TF3GZ (efni á bls. 66 og myndir).
- Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY (efni á bls. 31 og myndir).
- Jónas Bjarnason, TF3JB (efni á bls. 4, 7, 37, 64, 71 og 73 o. myndir).
- Kristján Benediktsson, TF3KB (efni á bls. 61 og myndir).
- Pier Albert Kaspersma (efni á bls. 63 og myndir).
- Reynir Smári Atlason, TF3CQ (efni á bls. 59 og myndir).
- Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA (efni á bls. 3).
- Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD (efni á bls. 57 og myndir).
- Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS (efni á bls. 2 og myndir).
  
- Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A (myndir m.a. bls. 7).
- Ársæll Óskarsson, TF3AO (myndir m.a. á bls. 27).
- Elín Sigurðardóttir, TF2EQ (myndir m.a. á bls. 20).
- Erling Guðnason, TF3E (myndir m.a. á bls. 19).
- Guðmundur Ágústsson (mynd á bls. 30).
- Jón Svavarsson, TF3JON (Forsíðumynd og margar fleiri).
- Kristján J. Gunnarsson, TF4WD (m.a. mynd á bls. 33).
- Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN (m.a. mynd á bls. 35).

Stjórn félagsins þakkar ritstjóra og ritnefnd frábær störf.

## 10. Húsnæðið í Skeljanesi.

Formaður, TF3JB sagði að fernt félli undir þennan dagskrárlið sem hafi verið framkvæmt á milli 4. og 5. stjórnarfunda 2023:

- Málningarvinna, húsið í Skeljanesi ásamt þaki (í ágúst og september).
- Málað yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgirðingunni við Skeljanes (23. september).
- Tenging ljósleiðara í Skeljanes (11. október).
- Lýsing í gangi og forstofu í Skeljanesi í lag (11. október).

Reykjavíkurborg lét loks verða af því að láta mála húsið í Skeljanesi að utan í sumar. Vinna fór fram í ágúst- og septembermánuðum. Húsið var fyrst háþrýstihreinsað og síðan grunnað og málað, bæði veggir og þak. Einnig voru lágreistu samliggjandi skúrarnir norðanmegin í portinu í Skeljanesi gerð frambærileg á sama hátt. Stjórn ÍRA fagnar þessu framtaki.

Málað yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgirðingunni við Skeljanes. TF3NH og TF3JB mættu í Skeljanes 23. september. Verkefni dagsins var að mála yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgirðingunni – enda ekki hægt að hafa umhverfi nýmálaðs húss þannig útlítandi mikið lengur. Verkið sóttist vel og er girðingin út eins og ný á að líta. Stjórnarmenn þakka þeim TF3JB og TF3NH framtakið.

Ljósleiðari var tengdur í inn húsið í Skeljanesi 11. október. Inntak er í húsnæði Sniglanna á 1. hæð (undir húsnæði ORG). Til stendur að tengja húsið á ný við öryggiskerfi Securitas 27. október n.k.

Ljóslaust var á ganginum inn í Skeljanes og í forstofu um þriggja vikna skeið frá því seint í september til 11. október. Þetta var bagalegt því með hverjum fimmtudeginum sem leið dimmdi fyrir svo að á kvöldin upp úr kl. 20 var orðið aldimmt. Útidyralsjósið logaði þó alltaf.

Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID sem er lögg. rafverktaki tók að sér að leysa úr verkefninu. Eftir nokkra rannsóknarvinnu varð ljóst að líklega hafi slegið út öryggi í rafmagnstöflunni. Sú tafla sem er fyrir þennan hluta hússins í Skeljanesi (þ.e. nýrri hluta hússins sem var byggður 1974) er í húsnæði Sniglanna á 1. hæð. Stjórnin þakkar TF3ID fyrir gott vinnuframlag.

### **11. Virkni félagsstöðvarinnar milli stjórnarfunda.**

Formaður, TF3JB skýrði frá því að félagsstöðin hafi verið virkjuð í tveimur fjarskiptaviðburðum á milli stjórnarfunda 4 og 5. Annarsvegar í *Scandinavian Activity keppninni (SAC)*; morshluta sem haldinn var 16.-17. september og hinsvegar í *SSB hluta keppinnar* sem haldinn var 12.-13. október.

Sérstök innsetningar voru gerðar á heimasíðu og FB síður vegna SAC keppnanna. Annars vegar 13. september til að hvetja félagana til þátttöku almennt, og 10. október frá félagsstöðinni. Einn félagi gaf sig fram. Það var Pier Albert Kaspersma, TF3PKN.

*SAC CW keppnin 2023.* TF3IRA var QRV í Scandinavian Activity Contest (SAC) keppninni, morshluta, laugardaginn 16. september. TF3JB virkjaði stöðina. Aðeins voru höfð fá sambönd til að koma TF3IRA á blað.

*SAC SSB keppnin 2023.* Félagsstöðin TF3W var QRV í Scandinavian Activity Contest (SAC) keppninni, SSB hluta laugardaginn 12. október. TF3PKN virkjaði stöðina og TF5J og TF3JB voru til aðstoðar. Notuð voru 100W á 10 metra bandi. Stjórn ÍRA þakkar þeim TF3PKN, TF5J og TF3JB.

### **12. Viðtæki yfir netið.**

Þrennar breytingar hafa orðið hvað varðar framboð af viðtækjum yfir netið á HF á milli stjórnarfunda 4 og 5, samkvæmt eftirfarandi:

KiwiSDR viðtæki var sett upp á *Stapa á Reykjanesi* (22. september).

KiwiSDR viðtækin á *Bjargtöngum* voru tekin niður (3. október).

KiwiSDR viðtæki var sett upp í *Örlygshöfn við Patreksfjörð* (14. október).

KiwiSDR viðtæki að *Stapa á Reykjanesi*. Þann 22. september bættist við innanlandsviðtæki til hlustunar á HF tíðnum yfir netið. Það er sömu tegundar og þau fyrri, þ.e. af KiwiSDR gerð, staðsett á Stapa á Reykjanesi. Viðtækið hefur afnot af 20 metra löngu vírloftneti. TF7DHP lánaði loftnetsspenni og TF1A og TF3GZ stóð að uppsetningu viðtækisins. Georg er eigandi viðtækisins (sem var í notkun á Raufarhöfn þegar það var tekið niður 8. ágúst). Vefslóð: <http://stapi.utvarp.com/> Stjórnin þakkar þeim TF1A, TF3GZ og TF7DHP fyrir gott framlag.

KiwiSDR viðtæki á *Bjargtöngum* QRT. KiwiSDR viðtæki TF4AH og TF3GZ yfir netið á Bjargtöngum voru tekin niður að morgni 3. október þegar rekstraraðili loftnetsturnsins tók hann niður. Á Bjargtöngum voru 2 KiwiSDR viðtæki. Annað frá TF4AH (tengt 2018) og hitt frá TF3GZ (tengt 2020). Þegar fyrri viðtækið fyllist (8 notendur) færðist hlustunin sjálfvirk inn á það síðara.

KiwiSDR viðtæki í Örlygshöfn á Patreksfirði. Þann 14. október, bættist við innanlandsviðtæki til hlustunar á HF tíðnum yfir netið. Það er sömu tegundar og þau fyrri, þ.e. af KiwiSDR gerð, staðsett í Örlygshöfn við Patreksfjörð. Vefslóð: <http://pat.utvarp.com> Loftnet er stangarloftnet frá AC Marine, gerð KUM-480-2 fyrir tíðnisviðið 0.15-30 MHz. TF4AH stóð að uppsetningu viðtækisins sem áður var staðsett á Bjargtöngum og var tekið þar niður 3. þ.m. Á meðfylgjandi mynd má sjá AC Marine loftnetið á þaki skemmunnar í Örlygshöfn. Stjórnin þakkar TF4AH fyrir þetta góða framlag.

### **13. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2024: Sunnudag 10. mars kl. 13:00.**

Formaður, TF3JB lagði tillögu þess efnis fyrir fundinn að aðalfundur ÍRA 2024 verði haldinn í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg sunnudaginn 10. mars 2024 kl. 14:00. Gerð er tillaga um að í boði verði svokallað „standand kaffi“ sem er kaffi en án meðlætis. Einnig verði í boði vatn á könnum. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **14. Önnur mál.**

- (a) Boð TF1A til ÍRA um kaup á notuðu RigExpert AA-1400 mælitæki og samþykkt stjórnar frá 14.9.2023.*
- (b) Gjöf til ÍRA; 28. september; útidyrarmottur (2 stk.); gefandi NN.*
- (c) Gjöf til ÍRA; 5. október; radíódót; gefandi: TF3WS.*
- (d) Gjöf til ÍRA; 12. október; Furuno gervihnattaloftnet (3 stk.); gefandi Samherji Akureyri.*

(a) Georg Kulp, TF3GZ skýrði frá því að mælitækið hafi verið selt erlendis við hærri verði en félagssjóður samþykkti að bjóða í tækið á síðasta stjórnarfundum.

(b) Stjórn ÍRA þakkar NN fyrir nytsama gjöf og hlýjan hug til félagsins. Motturnar hafa þegar verið teknar í notkun við útidyrnar í Skeljanesi.

(c) Stjórn ÍRA þakkar Sigurði Harðarsyni, TF3WS fyrir nytsama gjöf og hlýjan hug til félagsins.

(d) Stjórn ÍRA þakkar Kristni Daníelssyni, TF8KD og Samerja fyrir nytsama gjöf og hlýjan hug til félagsins

**15. Ákvörðun um dagsetningu næsta fundar.** Samþykkt að efna til næsta fundar í stjórn félagsins 18. janúar 2024 kl. 18:00.

**16. Fundarslit.** Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:45.

Fundargerð ritaði  
Georg Kulp / TF3GZ  
ritari ÍRA

**Fundur  
1****Fundur  
2****Fundur  
3****Fundur  
4****Fundur  
5****Fundur  
6****Fundur  
7**

## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerð stjórnarfundar nr. 6 haldinn fimmtudag 2. nóvember 2023 kl. 18:00 í Skeljanesi. Mættir: TF3JB formaður, TF3GZ ritari, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF1AM varaformaður og TF3PW gjaldkeri boðuðu fjarföll.

### 1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:10. Meðfylgjandi tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerð lögð fram frá 5. fundi stjórnar (frá 19. október 2023).

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

### 3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 5. fundi stjórnar (frá 19. október 2023).
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

16.10.2023...Erindi frá: GØDUB neyðarfjarskiptastjóra IARU svæðis 1. Varðar sérstakan nefndarfund á ráðstefnu IARU svæðis 1, 2. nóv. nk.  
18.10.2023...Erindi frá: Benedikt Guðnasyni, TF3TNT þar sem hann óskar eftir áheyrn á stjórnarfundum ÍRA vegna VHF/UHF og endurvarpamála.  
18.10.2023...Erindi til: TF3TNT. Benedikt boðinn velkominn á stjórnarfund 19. október kl. 18:00.  
19.10.2023...Erindi frá: Franz, OE5FSM. Skýrir frá grein (með myndum) í októberblaði QSP frá heimsókn hans í Skeljanes 5. júlí í sumar.  
19.20.2023...Erindi til: OE5FSM. Franz þakkað fyrir góða heimsókn í Skeljanes og fyrir að senda mynd af greininni.  
22.10.2023...Erindi frá: SM6EAN, ritara IARU svæðis 1; varðar aðgang að gögnum ráðstefnunnar 1.-4. nóvember fyrir þátttakendur yfir netið.  
24.10.2023...Erindi frá: Henning, OZ2I; verður QRV í CQ WW DX CW keppinni 2023; spyrst fyrir um útgáfu sérstaks TF kallmerkis til sín.  
24.10.2023...Erindi til: OZ1I. Henning boðinn velkominn. Útskýrt að 3 mánaða reglan sé forsenda fyrir útgáfu sérstaks íslensks kallmerkis.  
25.10.2023...Erindi frá: F4GKR, formanni IARU svæðis 1; v/tilgreindra vefslóða vegna stað- og fjarþátttöku á ráðstefnunni 1.-4. nóvember n.k.  
26.10.2023...Erindi frá: GØDUB neyðarfjarskiptastjóra IARU svæðis 1. Varðar tíðnir sem þarf að vernda í IARU svæði 2 (Mexíkó).  
27.10.2023...Erindi frá: GØDUB neyðarfjarskiptastjóra IARU svæðis 1. Varðar fleiri tíðnir sem þarf að vernda vegna náttúrhamfara í Region 2.  
Október 2023...Orðsendingar formanns milli stjórnarfunda: 152, 153, 154, 155, 156, 157, 158, 159, 160, 161, 162, 163 og 164.

4. Kaup Radio sf., á VHF/UHF endurvörðum og radióvitum dánarbús TF3ML
5. Ákvörðun um dagsetningu næsta fundar.
6. Fundarslit.

### 4. Kaup Radio sf. á VHF/UHF endurvörpum og radióvitum dánarbús TF3ML

Ritari, TF3GZ fór yfir kaup Benedikts Guðnasonar, TF3TNT á VHF/UHF endurvörpum sem áður voru í eigu Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML. Fram kom m.a. hjá Georg, að Benedikt hafi beðið um að eignalisti endurvarpa á heimasíðu ÍRA verði uppfærður þegar hann mætti á fund með stjórn félagsins þann 19. október s.l. Fram kom hjá formanni, TF3JB að það hafi strax verið gert.

Georg ræddi ennfremur, að fram hafi komið á fundinum með Benedikt, að hann hafi sjálfur farið á milli þeirra staða þar sem endurvarpar eru vistaðir og listað upp hvað fylgdi með í kaupunum af dánarbúinu. Georg sagði það ennfremur skoðun sína, að verðmæti endurvarpana liggi í raun vinnu félagana sem hafa þjónustað tækin og búnað þeirra. Hann hafði með sér ljósmyndir á fundinn þar sem hann sýndi búnaðinn í Bláfjöllum, á Skálafelli og á Mýrum. Líflegar umræður urðu í framhaldi en engin sérstök samþykkt var gerð og vilja menn heyra nánar frá Benedikt Guðnasyni, TF3TNT sem ætlar að kynna félagsmönnum framtíðarsýn sína í endurvarpamálu á VHF/UHF í Skeljanesi 23. nóvember n.k.

### 5. Ákvörðun um dagsetningu næsta fundar.

Samþykkt að boða til næsta fundar í stjórn félagsins fimmtudag 18. janúar 2024 kl. 18:00.

### 6. Fundarslit

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:45.

Fundargerð ritaði Georg Kulp / TF3GZ  
ritari ÍRA



## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2023/24

Fundargerð stjórnarfundar nr. 7 haldinn fimmtudag 18. janúar 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi. Mættir: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3NH meðstjórnandi; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Gestur fundarins: Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA.

### Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 6. fundi stjórnarinnar (frá 2. nóvember 2023).
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
 

**04.01.2024...***Erindi frá:* Troy NW1B; langar til að heimsækja félagsaðstöðu ÍRA í ferð til Íslands í febrúar 2024.

**04.01.2024...***Erindi til:* Troy. Erindinu svarað með opnunartíma í Skeljanes og hann boðinn velkominn í heimsókn.

**03.12.2023...***Erindi frá:* Doug KN4TCV; spurningar um POTA verkefnið frá TF; fyrirhugar ferðalag til Íslands með tæki og búnað.

**03.12.2023...***Erindi til:* Doug. Spurningum svarað um POTA („Parks-On-The-Air“) þátttöku frá TF.

**04.12.2023...***Erindi frá:* Matej sem er búsettur á Akureyri (ættaður frá Slóvakíu). Hann langar í próf til amatörleyfis á Íslandi.

**04.12.2023...***Erindi til:* Matej og útskýrt að námskeið félagsins eru haldin á íslensku en mikið af efni sé fánlegt á ensku.

**08.12.2023...***Erindi frá:* Ritara IARU; góðar fréttir frá WRC-2023 um 23 cm bandið; óbreyttar heimildir.

**06.12.2023...***Erindi frá:* Ritara IARU Svæðis 1; ljósmyndir frá ráðstefnu svæðisins sem haldin var í Zlatibor í Serbíu 1.-4. nóvember.

**03.12.2023...***Erindi frá:* Ritara IARU; IARU Calendar #204 ásamt kjörgögn #264 og #265 vegna framboðs í stjórn IARU.

**27.11.2023...***Efni frá:* Henri 2E0WIK; hann hyggur á ferðalag til TF í marsmánuði og veltir fyrir sér að fara í loftið.

**27.11.2023...***Erindi til:* Henri. Spurningum hans svarað um áhuga á að fara í loftið frá TF.

**19.11.2023...***Erindi frá:* Ritara IARU Svæðis 1; þakkir til aðildarfélaganna fyrir þátttöku í ráðstefnu svæðisins 2023.

**20.12.2023...***Erindi frá:* Fjarskiptastofu. Upplýsingar um helstu niðurstöður ITU tíðniákvörðunarráðstefnunnar WRC-23.

**Nóvember 2023...***Orðsendingar formanns milli stj.f.: 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 13., 14., 15., 17., 18., 19., 20., 22., 24., 27., 28., 29. og 30. nóvember.*

**Desember 2023...***Orðsendingar formanns milli stjómfundu: 1., 1., 2., 3., 7., 8., 10., 11., 12., 13., 16., 22. og 31. desember.*

**Janúar 2024...***Orðsendingar formanns milli stjómfundu: 2., 4. og 5. janúar.*
4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2023.
5. Námskeiði ÍRA til amatörprófs lauk 7. nóvember og prófi FST til amatörleyfis 11. nóv.
6. Fræðsludagskrá ÍRA haustið 2023 hófst 5. október og lauk 14. desember.
7. Tíðniákvörðunarráðstefna ITU, WRC-23 var haldin 20. nóvember til 15. desember.
8. Kristján Benediktsson, TF3KB segir frá ráðstefnu IARU svæðis 1 1.-4. nóvember 2023.
9. Aðalfundur 2024; sunnudag 10. mars.
  - (a) Fundarstaður og veitingar.
  - (b) Fundarboð aðalfundar, skv. 17. gr. félagslaga.
  - (c) Dagskrá aðalfundar, skv. 19. gr. félagslaga.
  - (d) Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga
10. Ársskýrsla ÍRA fyrir starfsárið 2023/24.
11. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2024.
12. CQ TF, 1. tbl. 2024 kemur út 28. janúar.
13. Tillaga um að próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis verði haldið 2. mars 2024.
14. Önnur mál.
  - (a) Tillaga TF3GZ um kaup á ryksugu til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.
  - (b) Gjöf til ÍRA; 5. nóvember; radiódót; gefandi: TF3WS.
  - (c) Gjöf til ÍRA; 19. nóvember; tvö Collins viðtæki; gefandi: TF3AU.
  - (d) Gjöf til ÍRA; 23. nóvember; a.m.k. 4 PC borðtölvur; gefandi: NN.
  - (e) Erindi til Fjarskiptastofu; 7. des.; ósk um uppfærslu á heimild á 160 m. v/albj. keppna 2024.
  - (f) Útför hjónanna Odds F. Helgasonar og Unnar B. Pálsdóttur; 12. desember.
  - (g) Gjöf til ÍRA; 14. desember; marsípanrjómasterta frá Kjörís fyrir jólakaffi ÍRA; gefandi: TF1EIN.
  - (h) Gjöf til ÍRA; 20. desember; VHF/UHF lofinet; gefandi: Dánarbrú TF3JA.
  - (i) Erindi frá Fjarskiptastofu; 20. desember; upplýsingar um niðurstöður ITU WRC-23 ráðstefnunnar.
  - (j) TF3WS fékk riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum 1. janúar 2024.
  - (k) Ákvörðun um afhendingu gullmerkja ÍRA á aðalfundi 2024.
  - (l) Afgreiðsla IARU Calendar #204; kjörgögn v/framboðs í embætti formanns og varaformanns.
15. Ákvörðun um dagsetningu næsta fundar.
16. Fundarslit.

### **1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.**

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Meðfylgjandi tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerð lögð fram frá 6. fundi stjórnarinnar (frá 2. nóvember 2023).**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

### **3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.**

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi. Engar athugasemdir voru gerðar.

### **4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagsjóðs fyrir rekstrarárið 2023.**

Ársreikningur 2023 er í vinnslu hjá TF3PW, gjaldkera. Staða á bankareikningi er 1.661.233 kr. Engar skuldir eru útistandandi, vextir síðasta árs nema um 31 þúsund krónum. Fram kom, að félagsmenn á skrá eru um 200 talsins.

### **5. Námskeiði ÍRA til amatörprófs lauk 7. nóvember og prófi FST til amatörleyfis 11. nóvember.**

Formaður, TF3JB lagði fram samantekt um verkefnið. Upphaflega var 31 þátttakandi skráður á námskeiðið. Af þeim mættu 26 til kennslu. Þar af skráðu 18 sig til prófs. Skriflegt próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis fór fram laugardaginn 11. nóvember í Háskólanum í Reykjavík. Prófið var skriflegt og í tveimur hlutum, raffræði og radiótækni og reglum og viðskiptum. Alls þreyttu þrettán prófið. Í raf-fræði og radiótækni náðu 10 fullnægjandi árangri, 7 til G-leyfis og 3 til N-leyfis. Í Reglum og viðskiptum náðu allir 10 fullnægjandi árangri til G-leyfis. Formaður, TF3JB skýrði frá því, að laugardaginn 2. desember hafi verið sérstök móttaka fyrir nýja leyfishafa sem sem tóku þátt í námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2023 og náðu prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 11. nóvember. Allir hafi nú fengið úthlutað kallmerki hjá stofnuninni.

Námskeið til amatörprófs er stærsta verkefni sem ÍRA tekst á hendur hverju sinni. Lykillinn að farsælli framkvæmd er framúrskarandi góð samvinna embættismanna félagsins, velvild og stuðningur Háskólans í Reykjavík sem hefur veitt félaginu að gang að kennslurými allt frá árinu 2013 og frábær samvinna við Fjarskiptastofu. Undir dagskrárlíðnum voru bókaðar bókaðar þakkir til Háskólans í Reykjavík, Fjarskiptastofu, Prófnefndar ÍRA, þeirra níu félagsmanna sem önnuðust kennslu á námskeiðinu, til umsjónarmanns og allra annarra sem komu að verkefninu. Alls eru það um 24 félagar.

### **6. Fræðsludagskrá ÍRA haustið 2023 hófst 5. október og lauk 14. desember.**

Formaður, TF3JB lagði fram yfirlit yfir verkefnið og gat þess að alls hafi verið í boði viðburðir á 8 fimmtudögum (erindi), 4 á laugardögum, 5 á sunnudögum, ferðalag í október og félagsfundur þann 9. nóvember. Fram kom að dagskráin hafi verið metnaðarfull og tóku allir undir það.

### **7. Tíðniákvörðunarráðstefna ITU, WRC-23 var haldin 20. nóvember til 15. desember.**

Formaður, TF3JB fór yfir hvernig ráðstefnan hefði gengið fyrir sig. Fram kom m.a. að vegna vaxandi notkunar staðsetningartungla og fjölgunar staðsetningarkerfa á þessu tíðnisviði samþykkti síðasta ráðstefna (WRC-19) að gera úttekt á hugsanlegum truflunum, sem radióamatörar gætu mögulega valdið. Mikil og vonduð vinna hefur verið lögð sl. 4 ár í úttektir á þessu og skrifaðar um það vandaðar skýrslur. Á ráðstefnunni var síðan lögð fram lokaskýrsla um útfærslu sem allir notendur ættu að geta við unað. WRC-23 samþykkti að gera þá útfærslu ekki að skyldu, heldur vísa einungis til hennar í neðanmálsgrein. IARU hefur lýst yfir mikilli ánægju með þessi málalok.

### **8. Kristján Benediktsson, TF3KB segir frá ráðstefnu IARU svæðis 1 1.-4. nóvember 2023.**

Kristján Benediktsson, TF3KB sat ráðstefnuna yfir netið fyrir hönd ÍRA, en hann er IARU/NRAU tengiliður ÍRA. Fram kom m.a. að yfir 120 fulltrúar landsfélaga Svæðis 1 sóttu ráðstefnuna sem starfaði í fimm vinnunefndum að viðbættum allsherjarfundum (e. *plenum*). M.a. voru samþykkt útgjöld til stuðnings við framtíðarmótun og nýsköpun. Einnig YL og ungmennastarfsemi, auk IARU verkefna í Friedrichshafen. Teknar voru fyrir á annað hundrað greinargerðir, tillögur og erindi landsfélaga. Fastir vinnuhópar skiluðu skýrslum; vefslóð: <https://conf.iaru-r1.org/documents/> Kristján svaraði spurningum stjórnarmanna jafni óðum. Þakkir til Kristjáns fyrir afar áhugaverða innsýn í mál ráðstefnunnar.

### **9. Aðalfundur 2024; sunnudag 10. mars.**

(a) Fundarstaður og veitingar.

Fundarstaður verður, fjórða árið í röð, í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg sunnudag 10. mars kl. 14:00. Fyrri samþykkt staðfest um að boðið verði upp á standandi kaffi.

(b) Fundarboð aðalfundar, skv. 17. gr. félagslaga.  
Umrædd lagagrein lögð fram á prenti.

(c) Dagskrá aðalfundar, skv. 19. gr. félagslaga.  
Umrædd lagagrein lögð fram á prenti.

(d) Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga  
Umrædd lagagrein lögð fram á prenti. Engar tillögur um lagabreytingar bárust til stjórnar félagsins fyrir löglegan frest (sem var 15. janúar).

#### **10. Ársskýrsla ÍRA fyrir starfsárið 2023/24.**

Formaður, TF3JB lagði fram efnisyfirlit yfir nýju ársskýrsluna, 2023/24. Áætluð stærð er 220 blaðsíður. Hún skiptist í 16 kafla, auk forsíðu, efnisyfirlits og formála.

- Kafla 1 Stjórn, embættismenn og fundir (aðalfundur 2023, stjórn, embættismenn, fundir og nefndir).
  - Kafla 2 Félagastaðan í Skeljanesi; fundarsalur (fjarskiptaherbergi, loftnet og umhverfi).
  - Kafla 3 Fræðsludagskrá; erindi í Skeljanesi (flutningur erinda og árlegt jólakaffi).
  - Kafla 4 Fræðsludagskrá; annað efni (laugardags- og sunnudagsopnanir, námskeið, myndakvöld).
  - Kafla 5 Skeljanes; aðrir viðburðir (opið hús í félagsaðstöðunni og fleira).
  - Kafla 6 Námskeið og próf til amatörleyfis (námskeið ÍRA til amatörprófs og próf FST til amatörleyfis).
  - Kafla 7 TF útleikar ÍRA 2023 (TF útleikar: 1,8 – 3,5 – 5,3 – 7 MHz).
  - Kafla 8 Páskaleikar ÍRA 2023 (Páskaleikar: 3.5 – 50 – 70 – 144 – 430 – 1200 MHz).
  - Kafla 9 VHF/UHF leikar ÍRA 2023 (VHF/UHF leikar: 50 – 70 – 144 – 430 – 1240 MHz).
  - Kafla 10 Vitahelgin, kallmerki og keppnir (Alþjóðlega vita- og vitaskiptahelgin og virkni kallmerkja ÍRA).
  - Kafla 11 Útgáfumál (félagsritið CQ TF, heimasíða, FB síður, pósthlisti og ársskýrsla).
  - Kafla 12 Samskipti við stjórnvöld (Fjarskiptastofa, tíðni- og aflheimildir og sérheimildir).
  - Kafla 13 Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar (Tíðnisvið: 50 MHz – 70-70.250 MHz – 144-146 MHz – 430-440 MHz).
  - Kafla 14 Viðtæki yfir netið (tíðnisvið: 10 kHz-30 MHz OG 24-800 MHz).
  - Kafla 15 Erlendir gestir í Skeljanesi.
  - Kafla 16 Gjafir til ÍRA (fjarskiptabúnaður, radiódót, húsmunir og fleira).
- Viðauki-A Fundargerðir stjórnar ÍRA og félagsfundar starfsárið 2023/24.  
Viðauki-B Yfirlit yfir tilgreind skjöl og sértækt efni sem vísað er til í skýrslunni.

Undir dagskrárlíðnum var samþykkt heimild til að félagssjóður greiði fyrir prentun skýrslunnar en kostnaður er áætlaður um 150 þúsund krónur.

#### **11. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2024.**

TF1AM, varaformaður tekur að sér að skipuleggja erindi á fimmtudagskvöldum. Miðað er við að fyrsta erindið verði í boði í Skeljanesi 1. febrúar.

#### **12. CQ TF, 1. tbl. 2024 kemur út 28. janúar.**

Ritstjóri, TF3UA skýrði frá því að 1. tbl. CQ TF sé á áætlun og að það komi út á heimasíðu og FB síðum 28. janúar. Blaðið mun væntanlega verða 52 blaðsíður að stærð. Forsíðumynd verður úr prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis sem fram fór 11. nóvember s.l. í Háskólanum í Reykjavík. Stjórnarmenn þokkuðu ritstjóra og ritnefnd góð störf.

#### **13. Tillaga um að próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis verði haldið 2. mars 2024.**

Samþykkt að félagið sækir um til Fjarskiptastofu að haldið verði próf til amatörleyfis laugardaginn 2. mars n.k. Verkefnið verði unnið í samvinnu við formann Prófnefndar félagsins.

#### **14. Önnur mál.**

(a) Tillaga TF3GZ um kaup á ryksugu til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.  
Tillaga Georgs samþykkt samhljóða. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA tekur að sér að kaupa ryksugu fyrir félagið.

(b) Gjöf til ÍRA; 5. nóvember; radiódót; gefandi: TF3WS.  
Þakkir bókaðar til Sigurðar Harðarsonar, TF3WS fyrir hugulsemina.

(c) Gjöf til ÍRA; 19. nóvember; tvö Collins viðtæki; gefandi: TF3AU.  
Þakkir bókaðar til Ágústis Ú. Sigurðssonar, TF3AU fyrir hugulsemina.

(d) Gjöf til ÍRA; 23. nóvember; a.m.k. 4 PC borðtölvur; gefandi: NN.  
Þakkir bókaðar til NN fyrir hugulsemina.

(e) Erindi til Fjarskiptastofu; 7. des.; ósk um uppfærslu á heimild á 160 m. v/alþjóðlegri keppna 2024.  
Erindi félagsins til Fjarskiptastofu dags. 7. desember lagt fram.

(f) *Útför hjónanna Odds F. Helgasonar og Unnar B. Pálsdóttur; 12. desember.*

Formaður, TF3JB skýrði frá því að útförin hafi farið fram 12. desember. TF3JB og TF3DC voru viðstaddir útförina í Bústaðakirkju í Reykjavík.

(g) *Gjöf til ÍRA; 14. desember; marsípanrjómáisterta frá Kjörís fyrir jólakaffi ÍRA; gefandi: TF1EIN.*  
Sérstakar þakkir voru bókaðar til Heimis Konráðssonar, TF1EIN fyrir að færa félaginu að gjöf, annað árið í röð, stóra marsípanrjómateru með félagsmerkinu sem var í boði í jólakaffi ÍRA 14. desember.

(h) *Gjöf til ÍRA; 20. desember; VHF/UHF loftnet; gefandi: Dánarbú TF3JA.*  
Þakkir bókaðar til dánarbús TF3JA.

(i) *Erindi frá Fjarskiptastofu; 20. desember; upplýsingar um niðurstöður ITU WRC-23 ráðstefnunnar.*  
Erindi Fjarskiptastofu dags. 20. desember lagt fram.

(j) *TF3WS fékk riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum 1. janúar 2024.*  
Félagsmaður okkar, Sigurður Harðarson, TF3WS fékk riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu þann 1. janúar. Stjórn ÍRA bókar hamingjuóskir til Sigurðar og fjölskyldu hans.

(k) *Ákvörðun um afhendingu gullmerkja ÍRA á aðalfundi 2024.*  
Dagskrárlíð frestað. Stjórnarmenn hugsa málið fram að aðalfundi.

(l) *Afgreiðsla IARU Calendar #204; kjörgögn v/framboðs í embætti formanns og varaformanns.*  
Samþykkt að ÍRA styðji framboð Timothy Ellam, VE6SH til endurkjörs sem formaður IARU næsta fimm ára tímabil. Ennfremur að ÍRA styðji framboð Thomas Wrede, DF2OO sem ritara IARU til fim ára.

(m) *Páskaleikar dagsetning, færsla á viðburði.*  
TF1AM, varaformaður tjáði sig um að í ár væru páskar í lok mars, sem væri kannski full snemmt þar sem allra veðra sé von á þeim tíma. Ennfremur verði CQ WW WPX SSB keppnin haldin um sömu helgi. Hann víðraði þá hugmynd að ráðfæra sig við TF8KY, umsjónarmann Páskaleikana að þeir verði þess í stað haldnir fyrstu helgina í maí. Andrés leggur málið fyrir til samþykktar. Tillaga Andrésar samþykkt samhljóða.

(n) *Stofnun nefnda.*  
TF1AM, varaformaður leggur til að stofnað verði til tveggja nefnda innan félagsins. Annars vegnar til þrífanefndar (4-5 manna) og hinsvegar til stöðvarnefndar (3 manna). Tillaga Andrésar um stofnun tveggja nýrra nefnda samþykkt samhljóða.

### **15. Ákvörðun um dagsetningu næsta fundar.**

Að öllu óbreyttu verður næsti fundur stjórnar ÍRA stjórnarskiptafundur sem boðað verður til eftir aðalfund 10. mars.

### **16. Fundarslit.**

Formaður, TF3JB, fór stuttlega yfir starfið á árinu. Að lokum þakkaði hann stjórnarmönnum frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins. Erfitt væri að hugsa sér betri samstarfsmenn. Hann uppskar á móti, klapp og hlý orð frá stjórnarmönnum. Formaður sleit fundi kl. 19:00

### **Fundargerð ritaði**

Georg Kulp / TF3GZ  
ritari ÍRA